**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

Levanto skammel í sömu litum

**13.493 kr.** ~~17.990 kr.~~

### DENVER

Tveggja og þriggja sæta sófar. Með brúnu slitsterku microfiber áklæði.



2ja sæta:  
168 x 98 x 88 cm

**90.993 kr.**  
~~129.990 kr.~~

3ja sæta:  
218 x 98 x 88 cm

**118.993 kr.**  
~~169.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR



### EASY

Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 232 x 145 x 85 cm

**134.993 kr.** ~~179.990 kr.~~

**25%**  
AFSLÁTTUR

### DIMA

Borðstofustóll. Svartur eða hvítur með svörtum eða hvítum löppum.



**30%**  
AFSLÁTTUR

**9.093 kr.** ~~12.990 kr.~~

### PASO DOBLE

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 305 x 100/150 x 95 cm



**239.992 kr.**  
~~299.990 kr.~~

**f** furninova

**20%**  
AFSLÁTTUR

**25%**  
AFSLÁTTUR



### HAVANA

Nettir og þægilegir stólar með snúningi. Átta litir í áklæði.

**59.992 kr.** ~~79.990 kr.~~



## Fullt hús hjá strákunum hans Dags



Vel gert, strákar Dagur Sigurðsson stýrði Þjóðverjum til sigurs á Króötum á HM í Frakklandi í gær. Evrópumeistararnir kláruðu því C-riðilinn með fullu húsi stiga og mæta Katar í 16-liða úrslitunum í París á morgun. Þýskaland mætti Katar í 8-liða úrslitum á HM í Katar fyrir tveimur árum og þurfti þá að setta sig við tap, 26-24. Dagur og félagar eiga því harma að hefna gegn Köturum sem enduðu í 4. sæti D-riðils. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Allt undir á stærsta sviðinu

Það verður væntanlega sett áhorfendamet þegar Ísland spilar við Frakkland í 16-liða úrslitum á HM. Leikurinn fer fram á knattspyrnuleikvangi sem er búið að breyta í handboltahöll. Von er á um 28.000 manns.



Henry B. Gunnarsson  
henry@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Það var létt yfir landsliðsfyrirliðanum Guðjóni Val Sigurðssyni er hann var tiltölulega nýkominn til Lille frá Metz þar sem landsliðið spilaði í riðlakeppni HM. Framundan er úrslitaleikur gegn sjálfum Frökkum á þeirra heimavelli og fyrir framan fleiri áhorfendur en nokkurn tímann hafa mætt á leik á HM.

Það er nefnilega búið að breyta knattspyrnuvellinginum glæsilega Stade Pierre Mauroy í 28 þúsund manna handboltavöll. Völlurinn tekur 50 þúsund þegar spiluð er knattspyrna þarna. Undirritaður kom í höllina í gær og getur staðfest að umgjörðin er hrikalega flott. Þetta verður svo sannarlega ekki eins og bara einhver leikur. Mest hafa 25 þúsund manns mætt á leik á HM en það met fellur væntanlega í kvöld.

„Það er óhætt að segja að þetta sé stærsta sviðið í sögu HM. Við höfum nokkrir tekið þátt í álika stórum viðburðum. Þetta er æðislegt og frábært. Flott svið til að fá að sýna sig og sanna,“ segir Guðjón Valur en hann spilaði meðal annars handbolta á Parken er hann lék með ofurliði AG frá Kaupmannahöfn á sínum tíma.

„Þetta er heldur betur áskorun. Það er væntanlega ekki hægt að mæta sterkara liði. Maður verður betri á



Landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson segir að Íslendingar þurfi að trúa á sigur gegn heimsmeisturum Frakka. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

því að spila við þá bestu. Það er bara tilhlökkun fyrir þessu verkefni.“

Það finnst eflaust ekki margir sem hafa trú á því að Ísland vinni þennan leik en strákarnir trúa því að þeir geti velgt Frökkunum undir uggum.

„Að sjálfsögðu eigum við möguleika. Lið eiga alltaf möguleika en ef maður á að vera hreinskilinn þá myndum við kannski vinna einn af 10 eða 20 leikjum gegn þeim en maður hefur margoft hrifist af litla

liðinu í leikjum og það hafa verið gerðar margar Hollywood-myndir um lið sem hafa náð óvæntum árangri. Það er mikilvægast að við höfum trú á þessu. Þetta er vissulega erfitt og risavaxið verkefni en lykullinn hjá okkur er að hafa trú á okkur,“ sagði fyrirliðinn ákveðinn og tindi til marga góða hluti í leik íslenska liðsins.

„Ef sóknarleikurinn hjá okkur verður þökkalegur og við náum að stöðva hraðaupphlaupin þeirra þá er allt hægt. Ég trúi því og lykilatriði er að við trúum því allir.“

Guðjón Valur tók þátt í leiknum ótrúlega gegn Frökkum á HM 2007 er enginn átti von á öðru en íslensku tapi. Á endanum varð íslenska liðið að passa sig á því að vinna ekki of stórt. Þar má sækja innblástur.

„Við erum ekki enn farnir að horfa á þann leik en það er gott dæmi um hvar okkur tókst að koma á óvart. Við erum kannski fáir eftir sem spiluðum þar en menn fá innblástur við að sjá og rifja slíka leiki upp. Þá var búið að afskrifa okkur og HSÍ örugglega búið að bóka okkur heim,“ segir Guðjón Valur en heima-menn ætlast til þess að þeirra menn tæti íslenska liðið í sig.

„Það er jákvætt fyrir okkur. Þeir mega vera með jákvæðan hroka því þeir hafa efni á því. Þeir hafa unnið fyrir því en það er ekki þar með sagt að við ætlum að leggjast niður og gefast upp. Við munum mæta með baráttuna að vopni. Það má segja ýmislegt um okkar leik en að við gefumst upp skal aldrei verða sagt um íslenska landsliðið.“

## FRANCE 2017 HANDBALL HM 2017

C-RIÐILL	25-26
Síle - Sádi-Arabía	25-26
Þýskaland - Króatía	27-21
Hv.-Rússland - Ungverjal.	27-25

Lokastaðan: Þýskaland 10, Króatía 8, Hvíta-Rússland 4, Ungverjaland 4, Síle 2, Sádi-Arabía 2.

D-RIÐILL	17-26
Barein - Argentína	17-26
Svíþjóð - Egyptaland	33-26
Katar - Danmörk	29-32

Lokastaðan: Danmörk 10, Svíþjóð 8, Egyptaland 6, Katar 4, Argentína 2, Barein 0.

### Þjálfararnir

#### Íslensku þjálfararnir á HM

Guðmundur Guðmundsson

#### Fullt hús

Danir unnu Katara eftir góðan endasprett og kláruðu því D-riðilinn með fullu húsi stiga.



Dagur Sigurðsson

#### Sigur í úrslitaleik

Lærisveinar Dags unnu Króata í úrslitaleik um toppsætið í C-riðlinum og mæta Katar í 16-liða úrslitunum á morgun.



Kristján Andrússon

#### Stórsigur hjá Svíum

Strákarnir hans Kristjáns áttu ekki í vandræðum með að leggja Egypta. Þeirra biður leikur gegn Hvít-Rússum á morgun.



### HM-dagskráin

16-liða úrslit	
L 15.00 Noregur - Maked.	Albertv.
L 17.00 Frakkland - Ísland	Lille
L 19.45 Rússland - Slóvenía	París
L 19.45 Brasíla - Spánn	Montp.
S 15.00 Hv.-Rússland - Svíþjóð	Lille
S 15.00 Ungver. - Danmörk	Albertv.
S 17.00 Þýskaland - Katar	París
S 19.45 Króatía - Egyptal.	Montp.

### Dominos-deild karla

Þór Þorl. - Haukar	94-84
Tobin Carberry 33 - Sherrod Wright 34.	

Skallagr. - Þór Ak.	89-100
Flenard Whitfield 35 - Darrel Lewis 35.	

### Um helgina

<b>Domino's-deild kvenna</b>	
L 15.30 Keflavík - Grindavík	Keflav.
L 15.30 Njarðvík - Snæfell	Njarðvík
L 16.30 Skallagr. - Stjarnan	Borgarn.
L 17.00 Valur - Haukar	Valshöll

<b>Olisdeild kvenna</b>	
L 13.30 Grótta - Fram	Hertz-höllin
L 13.30 ÍBV - Stjarnan	Vestmanna.
S 19.30 Fylkir - Selfoss	Fylkishöll

<b>Laugardagur</b>	
08.30 Abú Dabí HSBC	Golfstöðin
12.20 Liverpool - Swansea	Sport
12.25 QPR - Fulham	Sport 2
14.25 Bremen - Dortmund	Sport 2
14.50 Stoke - Man Utd	Sport
15.10 Real Madrid - Malaga	Sport 3
15.20 Keflavík - Grindavík	Sport 4
17.20 Man. City - Tottenham	Sport
20.00 CB Challenge	Golfstöðin

<b>Sunnudagur</b>	
08.30 Abú Dabí HSBC	Golfstöðin
11.50 S'ton - Leicester	Sport
14.05 Arsenal - Burnley	Sport
16.20 Chelsea - Hull	Sport
19.30 NFL: Upphitun	Sport
19.40 Eibar - Barcelona	Sport2
20.00 NFL: Falcons - Packers	Sport
20.00 CB Challenge	Golfstöðin
23.35 NFL: Patriots - Steelers	Sport





# #FIMASTUR

Ford Focus er fimur bíll enda þekktur fyrir frábæra aksturseginnleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, upphitanlegri framrúðu, á hagstæðu verði og er ódýr í rekstri. Þú upplifir einstaka akstursgleði í Focus og tekur lengri leiðina heim af einskærri ánægju.

BEINSKIPTUR FRÁ:

## 2.990.000 KR.

### Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!

Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

**LENGRI OG BETRI  
REYNSLUAKSTUR**

– þú getur fengið hann  
í allt að 24 tíma!



### FORD ER FRÁBÆR!

Við viljum að þú upplifir  
gæði Ford og bjóðum því  
lengri og betri reynsluakstur  
– komdu núna!



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16





**KRAKKAR ERU  
STÚTFULLIR AF  
HUGMYNDUM  
OG VEITA MÉR  
MIKINN INN-  
BLÁSTUR.  
ÞEIR BÚA YFIR  
SVO MÖGNUM  
OG MYNDRÆNU  
ÍMYNDUNAR-  
AFLI. ÉG SJÁLF  
BYRJAÐI EKKI  
AÐ SKRIFA  
BARNABÆKUR  
FYRR EN ÉG  
EIGNAÐIST BARN.**



## Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði

Samtök iðnaðarins boða til kynningarfundar með  
Tækniþróunarsjóði mánudaginn 23. janúar kl. 15.00 - 16.30.

Fundurinn fer fram í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35 á 1. hæð í Kvikku.

Farið verður yfir breytingar á styrkjakerfinu sem komu til framkvæmda á síðasta ári og nýjar áherslur ræddar.


**Næsti umsóknarfrestur í fyrirtækjastyrki sjóðsins er til 15. febrúar.**

### Dagskrá

- Fulltrúar Tækniþróunarsjóðs kynna styrkjaflokka sjóðsins
- Erlendur Steinn Guðnason, formaður Samtaka sprotafyrirtækja, fer yfir reynslu fyrirtækja af Tækniþróunarsjóði og skattfrádrætti til rannsóknar- og þróunarverkefna

Fundarstjóri er Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins

Skráning á [www.si.is](http://www.si.is)



Samtök iðnaðarins



Tækniþróunarsjóður

[www.tths.is](http://www.tths.is)

# Beislar hugmyndaafli barna

**Bergrún Íris Sævarsdóttir** mynd- og rithöfundur ætlar að aðstoða börn á aldrinum 5-7 ára og foreldra þeirra við að semja sögu. Börn á þessum aldri veita henni innblástur.

Það er mikilvægt að varðveita barnið í sér," segir mynd- og rithöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir sem stýrir smíðju í Bókasafni Kópavogs í dag þar sem börn á aldrinum 5-7 ára og foreldrar þeirra beisla hugmyndaflugíð svo úr verður saga. „Krakkar eru stútfullir af hugmyndum og veita mér mikinn innblástur. Þeir búa yfir svo mögnum og myndrænu ímyndunarafl. Ég sjálf byrjaði ekki að skrifa barnabækur fyrr en ég eignaðist barn," segir hún.

Fyrsta bók Bergrúnar var barnabókin *Vínur minn*, vindurinn sem kom út haustið 2014 og var tilnefnd til Fjöruverðlaunanna og Barna- og unglingsbókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Síðan þá hefur hún myndskreytt og samið

fjöldi barnabóka og námsefni. Auk þess heldur hún fyrirlestur, námskeið og heimsækir börn í skólum. „Börnin sem ég held námskeiðið fyrir eru á skemmtilegum aldri. Þau eru enn að skoða myndabækur og bæta við sig skilningi á lesmáli. Þau hugsa myndrænt. Ég fæ sjálf hugmyndir í myndum, þær koma ekki til mín fullmótadur í orðum. Ég mun nálgast þetta úr þessari átt og við reynum að búa til sögu saman," segir Bergrún Íris. „Þegar ég er að vinna að bók þá ber ég efnið reglulega undir minn markhóp og sjó ára sonur minn, á heilmikið í bókunum mínum. Hann verður einmitt aðstoðarmaður minn á þessu námskeiði." Dagskráin hefst klukkan tvö í dag. [kristjanabjorg@frettabladid.is](mailto:kristjanabjorg@frettabladid.is)





LED SJÓNVÖRP

58" SJÓNVÖRP

24" LÍTIL SJÓNVÖRP

98" STÓR SJÓNVÖRP

32" SJÓNVÖRP

49" SJÓNVÖRP

43" SJÓNVÖRP

50" SJÓNVÖRP

55" SJÓNVÖRP

60" SJÓNVÖRP

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR

65" STÓR SJÓNVÖRP

40" SJÓNVÖRP

ÚTVÖRP

HLJÓMTÆKI

22" SJÓNVÖRP

HEIMABIÓ

BLU-RAY SPILARAR

HEYRNARTÓL

BÍLGRÆJUR

MYNDAVÉLAR

SKJÁVARPAR

HÁTALARAR

SJÓNAUKAR

BLUETOOTH HÁTALARAR



LG

PHILIPS

THOMSON

Panasonic



YAMAHA

KENWOOD

Nikon

AKG UNITED

EPSON

JBL

harman/kardon

OLYMPUS

Dantax

tasco

FINLUX

JVC

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16

| SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)





Inga Dóra gegnir stöðu rannsóknarprófessors við Háskólann í Reykjavík, Columbia-háskóla í New York og nýjstu stöðuna fékk hún rétt fyrir jól, við Karolinska Institutet í Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Ólöf  
Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is



Inga Dóra Sigfúsdóttir prófessor er þekkt fyrir að vera í fremstu röð fræðimanna á Íslandi – og segist frá barnsaldri hafa verið félagsfræðingurinn í hópnum, meira að segja sem unglingur – pönkari á Hlemmi. Inga Dóra hefur rannsakað líðan ungmenna um árabil, en undanfarið hefur hún unnið að rannsókn þar sem sést að æ algengara hefur orðið að ungar, íslenskar stúlkur skaði sig sjálfar.

#### Alltaf langað að skilja

„Ég hef sennilega alltaf verið félagsfræðingurinn í hópnum. Ég hef alltaf leitast við að skilja hegðun og líðan fólks. Frá því að ég var unglingur, pönkari, sem hékk á Hlemmi. Ég var aldrei í neyslu þó margir hafi verið það sem ég umgekkst, en ég hafði mikinn áhuga á öllu fólki. Ég vildi skilja það,“ segir Inga Dóra.

„Það sem er svo athyglisvert við starf mitt er hvað heimurinn er breytilegur. Maður leysir aldrei neitt í eitt skipti fyrir öll því það er alltaf eitthvað nýtt að skilja.“

Rithöfundurinn Paulo Coelho sagði eitt sinn að þegar hann hélt að hann hefði öll svörin, hefðu spurningarnar breyst. Inga Dóra stendur frammi fyrir svipuðum áskorunum um þessar mundir. Nýjasta rannsókn hennar og teymisins sem hún leiðir sýnir að aukinn kvíði unglingsstúlkna, sem mikið hefur verið fjallað um, tengist mikilli notkun samfélagsmiðla. Við frekari greiningu hefur komið í ljós að stúlkur sem hafa áhyggjur af líkama sínum og útliti eru miklu viðkvæmari fyrir þessum áhrifum samfélagsmiðla. Með öðrum orðum, magni neikvæð líkamsmynd áhrif samfélagsmiðla á kvíða.

#### Stelpur eru að skaða sig

„Við vitum að mikill kvíði og mikið þunglyndi hefur aukist meðal ungmenna, sérstaklega stúlkna. Það sem er svo sláandi við nýjstu

# Prófessor Spútnik

**Inga Dóra Sigfúsdóttir** rannsakar um þessar mundir sálarlíf ungmenna á Íslandi og setur í samhengi við samfélagsmiðla. Hún og eiginmaðurinn tóku í fóstur flóttadreng frá Kúrdistan, en Ísland var níunda landið sem hann kom til. Hann er loksins kominn heim.

niðurstöðurnar eru að það hefur samhlíða þessari þróun orðið algjört stökk í tíðni sjálfsskaða meðal unglingsstúlkna.“

Rannsóknir *Rannsóknna og greininga*, sem Inga Dóra fer fyrir, hafa verið grunnur að einstökum árangri Íslendinga í að minnka vímuefnanotkun barna og unglunga síðustu áratugi.

Nú vinnur hún að enn viðameira verkefni sem heitir Lifecourse og miðar í stuttu máli að því að skilja betur hvað hefur áhrif á líðan og hegðun ungmenna. Rannsóknin er unnin fyrir 2 milljóna evra styrk frá evrópskum sjóði og Inga Dóra hlakkar til að takast á við nýjar, flóknar og erfiðar áskoranir.

„Breytingin sem við erum að sjá núna á undanförunum árum er að þessi vanlíðan, kvíði og þunglyndi, er að magnast hjá þeim hópi sem hafði það verst áður og sá hópur sem er verst settur er að verða töluvert stærri. Það er að segja, meðaltalið hefur ekki breyst en sá hópur sem er kvíðnastur og þunglyndastur er orðinn miklu stærri en hann var. Ég vildi að ég gæti sagt bara – hættum á Facebook, það er málið.



#### SVO ER ÞAÐ LÍKA ÞANNIG

#### AÐ UNGMENNI ERU

#### EKKERT ALLTAF AÐ

#### LEGGJA Á RÁÐIN UM AÐ

#### GERA EITTHVAÐ.

#### HLUTIRNIR GERAST BARA

#### STUNDUM.

En þetta er ekki svo einfalt og við erum ennþá að leitast við að skilja þetta alveg.“

#### Samfélagsmiðlar ýkja viðbrögð

Inga Dóra segir að það hafi aldrei almennilega tekist að útskýra hvað veldur því að stelpur séu berskjaldaðri fyrir kvíða og þunglyndi, og með lægra sjálfsmat.

„Það sem við sjáum samt er að

stelpur eru viðkvæmari fyrir félagslegu tengslunum sínum. Við sjáum að neikvæðir viðburðir eru ekkert endilega meiri eða fleiri í lífi stúlkna en stráka, en hafa öðruvísi áhrif. Stelpur virðast viðkvæmari fyrir því til dæmis að verða viðskila við vin eða vinkonu. Samfélagsmiðlarnir magna þetta, sem hefur sannanlega alltaf verið til staðar, svolítið upp. Við vitum að stelpur, og konur, eru viðkvæmari í þessum efnum, sem ætti engum að koma á óvart því að í gegnum árpúsundin eru það konur sem hafa haldið hlutunum saman þegar kemur að tengslum í fjölskyldum og í samfélaginu. Við erum ekkert annað en umhverfið okkar yfir árhundruðin – því genin okkar taka inn umhverfið smám saman. Samfélagsmiðlarnir ýkja þannig hluti sem voru þegar til staðar. Það að kalla eftir og fá viðbrögð er miklu einfaldara og heimurinn er hérna fyrir framan okkur, svo nálægt. Þú þarft ekki að framkalla myndir eða bíða eftir að einhver svari svo dögum skiptir. Lækin koma um leið.“

#### Þurfum öll að taka okkur í gegn

Inga Dóra segir heiminn skemmtilegri fyrir vikið, þ.e.a.s. að hann breytist í sífellu.

„En svo eru ákveðin grunnatriði sem eru alltaf þau sömu. Við þurfum að ala upp börnin okkar, gefa þeim tíma og þurfum að tengja við þau – helst áður en þau komast á unglingsaldur, þó það sé aldrei of seint að mynda tengingar. Fyrstu árin er það sá sem annast þig sem hefur mestu áhrifin á þig. Eftir því sem barnið eldist og verður unglingur, því meiri áhrif fer jafningjahópurinn og samfélagið að hafa á þig. Og við þurfum sjálfsagt öll að taka okkur í gegn þarna. Allir þurfa nefnilega stuðning, traust og að hafa tilgang. Þannig liður mannfólkinu best.“

En hverskonar samfélag er það þar sem stór hluti ungs fólks hefur allavega hugsað um, eða hreinlega ákveðið, að skaða sjálf sig?

„Það er spurning sem við erum að takast á við núna. Það að skaða

sjálfan sig er að slökkva innri vanlíðan með líkamlegri þjáningu. Það er margt sem gæti spilað inn í. Það er til dæmis miklu auðveldara en áður að sækja sér hreinlega leiðbeiningar um sjálfsskaða – en það breytir því ekki að það er eitthvert tómarúm sem þú ert að fylla ef þú situr fyrir framan netið og ert að leita þær upplýsingar uppi. Þarna komum við enn og aftur að mikilvægi skipulags, til dæmis íþrótt- og tómsundastarfs, því við þurfum öll að hafa eitthvað við að vera og finna hlutverk. Einhver þarf að vera til staðar sem þykir vænt um mann og manni finnst maður geta leitað til. Svo er það líka þannig að ungmenni eru ekkert alltaf að leggja á ráðin um að gera eitthvað. Hlutirnir gerast bara stundum. En ef eitthvað kemur upp á, ef einhverjum líður illa, er svo mikilvægt að vita hvernig maður á að bregðast við og hvert maður getur leitað,“ útskýrir Inga Dóra.

#### Snúum þessu við

„Nú er mitt meginviðfangsefni, og það sem við erum að vinna í, að finna út hvernig við getum dregið úr eða minnkað líkur á þessari vanlíðan ungmenna og hvernig við getum snúið þessari þróun hjá ungu stelpunum við. Nýja Lifecourse-rannsóknin miðar að því að skoða betur hvernig líffræðilegu þættirnir og umhverfið tvinnast saman til að útskýra þessa hegðun og líðan.“

Hvað geta foreldrar gert til að gera börnunum sínum lífið auðveldara?

„Ég er frekar lítil reglukona. Við vitum úr rannsóknum okkar að það eru ákveðin grunnþættir sem skipta verulegu máli í fjölskyldum; það er stuðningurinn, magn þess tíma sem foreldrar og börn verja saman og jákvætt eftirlit. Það er ekki það sama og reglur. Jákvætt eftirlit er fólgið í því að þekkja vini barna þinna, vita hvar þau eru á kvöldin, hvað þau eru að gera. Svo gildir það sama og í öllum öðrum samskiptum – allt byggist á trausti og stuðningi. Ef þú setur börnunum reglur þá geta þær virkað öfugt. Þetta á ekki síst við um íslenska krakka, því það er



**HONDA**  
The Power of Dreams

# BETRI AFKÖST SPARNEYTNI OG TÆKNI



Hvort sem þú vilt öryggi, sparneytni og lipurð í borgarsnúningana eða þægindi, rými og útsýni í skoðunarferðina þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjeppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims í tæp 10 ár í röð.

**CR-V** - ENDALAUST BETRI



[www.honda.is](http://www.honda.is)



Vatnagördum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



eitthvað í þjóðarvitund okkar sem gerir það að verkum að við erum einhvern veginn ekki tilbúin að fylgja reglum nema þær séu skynsamlegar, og okkur sé sýnt ákveðið traust.“

#### Reglur virka ekki einar og sér

„Ég hef t.d. fengið foreldra barna til mín sem kvarta yfir því að barnið eða unglíngurinn sé alltaf á netinu. Þau hafa spurt hvort eigi að setja reglur um einhverja X notkun á dag. Ég segi nei. Reynið frekar að fá barnið til að gera eitthvað annað, með þér; fara út að ganga eða gera eitthvað saman. En svo veit ég að það er til app sem er handhægt og sniðugt þar sem foreldri getur lokað fyrir tölvunotkun á heimilinu í ákveðinn tíma. Og það er gott og blessað. En það verður að gerast í sátt við barnið. Samtalið þarf að hafa átt sér stað. Reglur eru finar en þær virka ekki einar og sér. Svo eru börn auðvitað ólík. Ein af stærstu áskorunum í mínu lífi var að eignast tvíbura, sem eru fæddar með mínútu millibili, og eru eins ólíkar og hægt er. Eins og dagur og nótt. Ég sem félagsfræðingur sem stúdera áhrif umhverfis á okkur og hegðun okkar og líðan – þar lærði ég í eitt skipti fyrir öll hvað genetísk áhrif skipta miklu máli,“ segir Inga Dóra og hlær.

#### Hverfið skiptir mestu

Inga Dóra segir rannsóknir sýna að samfélag og hverfi til að mynda hafi áhrif umfram aðstæður heima fyrir. „Þannig að í skólum þar sem net foreldra er þétt gengur öllum börnunum betur, óháð því hvort barnið eigi foreldra í þessu neti eða ekki. Við sjáum að það eru minni líkur á að það neyti vímuefna, svo dæmi sé tekið. Íþróttaiðkun dregur úr líkum á þunglyndi hjá öllum, en hefur meiri áhrif meðal þeirra ungmenna sem búa við erfiðar aðstæður. Það segir manni að það er hægt að koma inn og ná til þeirra krakka sem búa við erfiðar aðstæður eða líður ekki vel, með umhverfisþáttum. Við höfum líka séð að í hverfum, þar sem fjölskylduátök eru mikil, eru öll börn líklegri til að vera í sjálfsvígshættu, óháð því hvort fjölskylduátök eigi sér stað heima hjá þeim eða ekki. Klisjan um að það þurfi þorp til að ala upp barn, hún á nefnilega við.“

Hún rifjar upp að þegar farið var af stað í áttak vímuefnaneyslu fyrir mörgum árum voru settar útivistarreglur sem giltu fyrir alla krakka alls staðar. „Þetta er enn á ísskápnum heima hjá mér. Þetta eina, litla atriði hafði veruleg áhrif í þessu forvarnarstarfi. Með sama hætti gætum við búið til fleiri sáttmála, þannig að hvert og eitt heimili þurfi ekki að setja reglur fyrir sig. Kannski gætum við sagt að það að vera heima þýðir að þú ert ekki í tölvunni, því ef þú ert bara á netinu þá ertu ekki heima, þú ert í rauninni annars staðar. Foreldrar geta líka verið góðar fyrirmyndir í því



Inga Dóra og börnin – Danyal lengst til vinstri, Alanta og Sonja, en á myndina vantar Erlu, tvíburasystur Sonju.

og lagt sjálfir símann frá sér,“ segir Inga Dóra og hlær.

#### Smáragötubörnin

Inga Dóra er gift Símoni Sigvaldssyni, dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þau eiga saman þrjár dætur og einn son – sem reyndar kom ekki til þeirra fyrr en í nóvember síðastliðnum. Hann flúði frá Kúrdistan, með viðkomu í átta löndum – Ísland er það niunda. Lífið er litríkt á heimili þeirra hjóna á Smáragötu í Reykjavík og Inga Dóra segir að um sé að ræða eins konar félagsmiðstöð. Raunar segir hún að það sé lágmark fyrir öll börn að eiga að minnsta kosti tvær mæður og er nán vinum barna sinna. Hún segir marga líta á Smáragötuna sem sitt annað heimili og finnst gott af því að vita.

„En Danyal er eins og hann hafi alltaf verið hjá okkur. Hann er yndislegur. Eins og mamma hefði sagt, þessum dreng er ekki fisjað saman. Hann hefur gengið í gegnum ótrúlega erfiða hluti, en tekst á við lífið með svo fallegum hætti. Doktorinn í mér fylgdist auðvitað vel með honum, venjum, svefni og samskiptum – og hann er algjörlega einstakur. Hann er „survivor“. Hann er sautján ára gamall. Við erum að veita honum skjól og stuðning og okkur þykir rosalega vænt um hann, eins og börnin okkar, en hann á auðvitað blóðfjölskyldu og það besta væri ef þau næðu saman aftur einhvern tíma. En það er alltaf gott að eiga eina aukamömmu. Öll börn ættu að eiga að minnsta kosti tvær,“ segir hún hlæjandi.

#### Ein vika í einu

„Við tökum bara einn dag í einu og eina viku í einu og þetta gengur vel. Honum virðist líða ágætlega. Hann er eina barnið mitt sem segir mér reglulega: „I'm so happy“. En svo er hann auðvitað bara eins og við öll hin; á sína daga þar sem hann er lítill í sér, líður ekki vel og saknar fjölskyldu sinnar í Kúrdistan. En í síðustu viku byrjaði hann í Tækniskólanum að læra íslensku og það gengur vel. Ég vil honum bara allt það besta og ég er svo glöð að hann hafi sóst eftir betra lífi, með því að koma alla þessa leið. Ég held að við myndum öll reyna það í hans sporum.“

Inga Dóra verður ögn alvarlegri þegar hún ræðir um mál innflytjenda og flóttamanna á Íslandi.

„Við eigum öll að taka vel á móti þeim. Það er ekkert sem segir að fjölmenningsarsamfélag geti ekki verið jafn gott og önnur samfélög. Það er á okkar ábyrgð að koma þeim inn í samfélagið, veita þeim það sama og allt mannfólk þarf og mér verður svo tíðrætt um, stuðning, traust og tilgang. Við verðum að læra af mistökum annarra landa



**VIÐ ERUM AÐ VEITA  
HONUM SKJÓL OG  
STUÐNING OG OKKUR  
ÞYKIR ROSALEGA VÆNT  
UM HANN, EINS OG BÖRNIN  
OKKAR. EN HANN Á  
AUÐVITAÐ BLÓÐFJÖL-  
SKYLDU OG ÞAÐ BESTA  
VÆRI EF ÞAU NÆÐU SAMAN  
AFTUR EINHVERN TÍMA.  
EN ÞAÐ ER ALLTAF GOTT  
AÐ EIGA EINA AUKA-  
MÖMMU. ÖLL BÖRN ÆTTU  
AÐ EIGA AÐ MINNSTA  
KOSTI TVÆR.**

í þessum efnum og gera betur. Það er á okkar ábyrgð hvernig kynslóðir innflytjenda munu hafa það á næstu árum og áratugum.“

#### Plastbarkamálið tafði

Ingu Dóru er ekki fisjað saman, frekar en syni hennar Danyal.

Nú rétt fyrir jólfékk hún þriðju stöðu sína sem rannsóknarprofessor við Karólínska Institutet í Stokkhólmi, en sú staða bætist við stöðu hennar við Háskólann í Reykjavík og Columbia-háskóla í New York. Ferlið var langt og strangt, til þess að fá loksins stöðuna við Karólínska.


„Þetta er sambærileg staða og Paulo Macchiarini, sem var viðriðinn plastbarkamálið svokallaða [innsk. blm. Þegar Macchiarini græddi plastbarka á Eritreumanið Andemariam Beyene sem var búsettur á Íslandi. Hann dó tveimur og hálfu ári eftir aðgerðina vegna þess að plastbarkinn virkaði aldrei sem skyldi. Talið er að margar af helstu reglum læknisfræðinnar hafi verið brotnar í málinu.] hafði við skólann, þannig að þeir fara mjög ítarlega yfir feril þeirra sem þeir fá inn til sín þessi dægrin. Ég var alltaf alveg að fá stöðuna, en svo tafðist það alltaf út af einhverju. Þegar ég loksins fékk bréfið og staðfestingu á stöðunni nú fyrir jólfékk sagði maðurinn minn að hann gæti ekki skálað við mig enn einu sinni út af þessu,“ segir Inga Dóra og skellir uppúr.

#### Frá New York til Stokkhólms

En er ekki nóg að hafa stöðu í New York og í Reykjavík, af hverju bættirðu Svíþjóð við?

„Ég er þannig manneskja að ég nærst á umhverfi mínu. Ég gat til dæmis ekki verið á Íslandi í hrúninu því að ég þrífst svo illa í neikvæðni. Þá færði ég mig til New York. Ég elska borgina og ver þar miklum tíma. En það má eiginlega segja að þegar Trump fór í sína kosningabaráttu, og vann síðan kosningarnar, þá hafi ákvörðunin verið tekin fyrir mig.“

**HVERNIG KEMUR ÞÚ UNÐAN SÓLINNI!  
AF HVERJU AÐ SÆTTA SIG VIÐ SÓLARSKEMMDIR  
OG ÓTÍMABÆRAR LITABREYTINGAR  
VIÐ GETUM LAGAÐ ÁSTAND HÚÐARINNAR**



**PANTAÐU FRÍAN TÍMA  
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA  
893-0098**



**Snyrtistofan Hafblik**

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com



## ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-50% AFSLÁTTUR

**-20%**



MAXWELL TUNGUSÓFI  
Stærð: 290X173cm  
Verð: 236.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-

**-20%**



CANNON TUNGUSÓFI  
Stærð: 260X167cm  
Verð: 205.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 164.000,-

**-40%**



NAPOLI TUNGUSÓFI  
Stærð: 250X165cm  
Verð: 199.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 119.400,-

**-30%**



BERLIN TUNGUSÓFI  
Stærð: 300X174cm  
Verð: 245.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 171.500,-

JERSEY 4RA SÆTA SÓFI  
Breidd: 298cm  
Verð: 195.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 156.000,-

**-20%**



NAPOLI SÓFI M/2 TUNGUM  
Stærð: 320Xx170X170cm  
Verð: 249.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 199.200,-

**-20%**



**-25%**



COE ARMSTÓLL  
Verð: 118.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 88.500,-

**-20%**



MAX STÓLL  
Verð: 16.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-

**-25%**



DEVON STÓLL  
Verð: 19.800,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 14.850,-

**-30%**



Opal STÓLL  
Verð: 16.900,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 11.830,-



# Forsetinn setur Bandaríkin í fyrsta sæti

**Donald John Trump** varð 45. forseti Bandaríkjanna í gær. Í innsetningarræðu sinni hvatti hann til sameiningar undir bandaríska fánanum. Dagar innantómra orða væru taldir og tími aðgerða runninn upp.

Pórgnýr Einar  
Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is



É g heiti því að gegna embætti forseta Bandaríkjanna af trúfestu og að framfylgja, verja og vernda stjórnarskrá Bandaríkjanna eftir minni bestu getu.

Þessi orð lét Donald J. Trump, forseti Bandaríkjanna, loks falla í gær á tröppum Þinghússins í Washington, höfuðborgar Bandaríkjanna. John Roberts, forseti hæstaréttar Bandaríkjanna, fór með Trump yfir forsetaeiðinn.

Varð Trump þar með 45. forseti Bandaríkjanna og tók hann við af Barack Obama sem yfirgaf svæðið í þyrlu stuttu síðar með konu sinni Michelle.

Skömmu áður hafði Mike Pence svarið varaforsetaeiðinn og tók hann þar með við af Joe Biden.

## „America first“

Innsetningarræða Trumps kallaði á við þær fjölmörgu framboðsræður sem hann flutti í harðri kosningabaráttu. Kom hann í ræðunni inn á það leiðarstefu að Bandaríkin og bandaríska þjóðin ættu að vera í fyrsta sæti í forgangsroð forseta.

„Við höfum gert aðrar þjóðir ríkar á meðan auður okkar, styrkur og sjálfs-traust hefur horfið. Ein af annarri hafa verksmiðjur yfirgefið landið. Auður millistéttarinnar hefur verið rifinn af heimilum þeirra og honum dreift um hnöttinn. Frá og með deginum í dag munu Bandaríkin verða í fyrsta sæti,“ sagði forsetinn.

Hann sagði að áhersla yrði lögð á að koma fólki af bóttum og út á vinnu-markaðinn. Farið yrði eftir tveimur einföldum reglum. Að kaupa bandarískt og ráða Bandaríkjamenn.

Trump kom einnig inn á þau skilaboð sem ef til vill skiluðu honum sigri í Michigan, Pennsylvaníu og Wisconsin: „Yfirgefnar verksmiðjur standa á við og dreif eins og legsteinar um landið. Þetta bandaríska blóðbað hættir hér og nú.“

Af ræðunni virðist ljóst að Trump hyggst ekki vilka frá þeirri einangrunarstefnu sem hann boðaði í kosningabaráttunni. Hann hyggst koma í veg fyrir að verksmiðjur yfirgefi Bandaríkin og ætlar þannig að sjá verkamönnum í Miðvesturríkjunum fyrir atvinnu. Þá hefur hann boðað háa tolla á vörur fyrirtækja sem yfirgefið hafa Bandaríkin.

Þess ber einnig að geta að þau tvö orð sem heyrdu oftast í ræðu Trumps voru annars vegar Bandaríkin og hins vegar Bandaríkjamenn. Næst á eftir komu hugtök á borð við ríki og þjóð.

Í lokaorðum ræðunnar fór Trump fyrirsjáanlega með slagorð sitt úr kosningabaráttunni: „Make America great again!“

## Vill sameina sundraða þjóð

Hinn nýi og umdeildi forseti leitaði í ræðu sinni við að græða sár andstæðinga sinna og sameina þjóðina



**YFIRGEFNAR VERK-  
SMÍÐJUR STANDA Á VIÐ  
OG DREIF EINS OG LEG-  
STEINAR UM LANDIÐ.**

**ÞETTA BANDARÍSKA BLÓÐ-  
BAÐ HÆTTIR HÉR OG NÚ.**

eftir einstaklega sundrandi kosningabaráttu. Hundruð þúsunda Bandaríkjamanna hafa mótmælt kjöri hans frá því í nóvember, meðal annars í höfuðborginni í gær. Þó var ekki að merkja neina truflun á athöfninni sjálfri þegar horft var á útsendingar bandarískra sjónvarpsstöðva.

Í sameiningarskilaboðum sínum höfðaði Trump til födurlandsástarinnar. „Þegar þið opnið hjarta ykkar fyrir födurlandsást er ekkert pláss eftir fyrir fordöma,“ sagði forsetinn.

„Endurnýjað þjóðarstolt mun lyfta okkur upp og lækna sárin. Núna er tíminn til að hafa í huga þau spakmæli sem hermenn okkar gleyma aldrei. Hvort sem við erum svört, brún eða hvít blæðir okkur öllum sama rauða födurlandsvinnarblóðinu.“

## Höfðaði til þeirra gleymdu

Forsetinn var umkringdur stjórnmálamönnum á sviðinu. Honum á vinstri hönd voru meðal annars fyrrverandi forsetarnir Barack Obama, George W. Bush, Bill Clinton og Jimmy Carter. Með Bill var andstæðingur Trumps í kosningabaráttunni, Hillary Clinton.

Þrátt fyrir félagsskapinn veigraði Trump sér ekki við því að gagnrýna stjórnmálamenningu Bandaríkjanna. „Við munum færa völdin frá Washington og aftur til fólksins. Undanfarið hefur Washington blómstrað en almenningur ekki fengið sinn skerf,“ sagði Trump.

„Þetta er ykkar dagur, ykkar fögnuður. Þetta land, Bandaríkin, er ykkar land. Hinir gleymdu menn og konur þessa lands munu ekki lengur falla í gleymsku. Nú hlusta allir á ykkur. Það sem skiptir mestu máli er ekki hvaða flokkur fer með völdin. Heldur hvort almenningur fái að stjórna.“

Trump sagðist ætla að berjast til síðasta blóðdropa fyrir þjóð sína. Bandaríkin myndu sigra á ný og sigra sem aldrei fyrr. „Við munum sameina hinn vestræna heim gegn hryðjuverkum ófgaíslamista. Við munum uppræta þau af yfirborði jarðar,“ sagði hann enn fremur.

## Stríðsöxin grafín

Undanfarin átta ár hafa Trump og fyrrrennari hans, Barack Obama, eldað grátt silfur. Í gær mátti þó ekki sjá annað en velvilð þeirra hvor í annars garð á þessum síðasta degi Obama í embætti og fyrsta degi Trumps.

Á árum áður hefur Obama sagt



Donald Trump, hér stuttu frá því að verða valdamesti maður heims, reisir hnefann á loft og heilsar almenningi. Margmenn var við innsetningarahöfnina. Þó mættu mun færri en árið 2008 þegar Barack Obama tók fyrst við embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Trump stórkostlega vanhæfan og Trump sagt slíkt hið sama um Obama. Aukinheldur var Trump einn helsti forspraki þeirra sem kröfðust þess að fá að sjá fæðingarvottorð Obama vegna gruns um að hann sé ekki fæddur í Bandaríkjunum.

„Þau hafa verið stórkostleg,“ sagði Trump um Obama-hjónin. „Vel gert, vel gert,“ mátti lesa af vörum Obama þegar Trump fór með lokaorð ræðu sinnar.

## Ólíklegt afrek kórónað

Innsetningin markaði lokapunkt ótrúlegs kosningasigurs Trumps og upphaf valdatíðar hans. Vegna umdeilda ummæla um ólöglega innflytjendur, múslima, konur og aðra mátti Trump miklu mótlæti í kosningabaráttunni.

Varla væri hægt að telja þann fjölda fréttu og skoðanagreina þar sem bandarískir stjórnmálageinendur lýstu því yfir að Trump ætti enga möguleika á því að hreppa útnefningu Repúblikana til forsetaframboðs, hvað þá verða forseti.

Í hvert sinn sem Trump talaði af sér birtust slíkar greinar. Það gerðist strax í upphafi kosningabaráttunnar þegar hann lýsti ólöglegum, mexíkóskum innflytjendum sem glæpamönnum. Einnig gerðist það þegar hann sagði dómara vanhæfan til að dæma í máli sínu vegna þjóðernis, þegar hann talaði um að banna múslimum að koma til Bandaríkjanna og þegar upptaka birtist þar sem heyrta mátti forsetann tala um að gripa í kynfæri kvenna.

Að morgni kosningadags mátti svo sjá reiknilikön fjölmiðla spá Clinton sigri. New York Times sagði 85 prósent líkur á sigri Clintons, Huffington Post gaf Clinton 98 prósent líkur og FiveThirtyEight sagði 72 prósent líkur á sigri Clintons.

Allt kom þó fyrir ekki og vann Trump afgerandi sigur. Vann hann stuðning 306 kjörmannanna samanborið við 232 kjörmenn Clintons þrátt fyrir að hafa fengið mun færri atkvæði en Clinton á landsvisu.



Nýi forsetinn og forsetafrúin Melania Trump voru einkar hress við innsetningarahöfnina í gær. Hér má sjá forsetahjónin kyssast. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Fjöldmargir mótmæltu Trump á strætum Washington-borgar. Sumir báru gömul skilti frá kosningabaráttu Baracks Obama. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



# PEUGEOT 308 SW

## GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX



KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT Í DAG

Gæði Peugeot 308 SW heilla þig strax enda var hann valinn bíll ársins í Evrópu. Einstakt innanrými, nægt fótarými og stórt farangurspláss hámarka notagildið. Útlit hans fangar athygli þína og við nánari kynni fellur þú kylliflatur fyrir smáatriðunum. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu Peugeot 308 SW og þú munt sannfærast um gæði hans.

### PEUGEOT 308 STATION

Verð frá 3.020.000 kr. | Eyðsla frá 3,3 l/100 | CO<sub>2</sub> losun frá 85 g/km

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík**  
Bíldshöfða 8  
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

**Njír og notaðir bílar:**  
Söluæildir eru opnar virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



**NÆRMYND** Leitin að Birnu Brjánsdóttur

# Unna sér ekki hvíldar

Stór hluti starfsmanna hjá embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur með einum eða öðrum hætti komið að rannsókn á hvarfi Birnu Brjánsdóttur. Frammi- staðan vekur með almenningi traust. Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn fer fremstur í flokki og hefur vakið athygli almennings fyrir framgöngu sína í rannsókninni.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



**P**eir lögreglumenn- og konur sem nú eru í eldlinunni í rannsókn og leit að Birnu Brjánsdóttur hafa fengið mikið lof fyrir framgöngu sína. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur að undanförunni veitt óvenju mikla innsýn í störf sín og það sem blasir við eru vönduð vinnubrögð og styrk stjórni.

Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn fer þar fremstur í flokki og hefur raunar brotið blað í sögu lögreglunnar hvað varðar samskipti við fjölmiðla og almennings með því að ræða oft og yfirvegað við þá. Góðir samskiptahæfileikar hans eru líklegir til þess að hafa síðustu daga aukið traust í garð lögreglunnar. Traust sem áður var í nokkru lágmarki sökum deilna, breytinga og ef til vill vegna þess að í mörgum málum lögreglu er ekki unnt að veita almenningi jafn miklar upplýsingar og nú án þess að brjóta trúnað eða skaða rannsókn.

## Liðsheild og samkennd

Rannsóknin hefur verið í algjörum forgangi hjá embættinu og stór hluti starfsmanna hefur komið að henni með einum eða öðrum hætti, bæði lögreglumenn og aðrir starfsmenn embættisins.

Í framlínunni eru Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri, Grímur sem stýrir rannsókninni, Ásgeir Þór Ásgeirsson og Ágúst Svansson aðalvarðstjóri sem stýra leitinni í samstarfi við björgunarsveitir. Þá eru mikilvægir stjórnendur og starfsfólk tæknideildar lögreglu, kynferðisbrotadeildar og stjórnandi sérsveitarinnar sem er Guðmundur Ómar Þráinsson. Sérveitin aðstoðar við handtökur hættulegra brotamanna og aðstoðaði við það að handtaka þá grunuðu um borð í Polar Nanooq í vikunni. Sérveitin er mikill liðsstyrkur fyrir lögregluna þegar neyðarástand skapast. Í viðtali við Fréttablaðið á síðasta ári nefndi Guðmundur Ómar þau gildi og kosti sem hann telur mikilvægust fyrir störf sérsveitarinnar, liðsheild og samkennd.

## Snöggur og nákvæmur

Þótt lögreglu þyki vandasamt að ræða um sig sjálfa og framgöngu stjórnenda á viðkvæmum tíma í rannsókn máls þá eru þeir fjölmörgu sem rétt var við um stjórnendur rannsóknarinnar einhuga um að það sé bæði víðtæk reynsla þeirra og samskiptahæfileikar sem nýtist nú. Ásgeir var í sérveitinni og hefur starfað hjá lögreglunni í meira en aldarfjórðung. Hann er sagður ósérhlífinn og duglegur. „Hann er alveg ótrúlega snöggur og nákvæmur,“ segir einn félagi hans sem segir reynsluna vega þungt í þeim efnum.

## Góður maður

Ágúst hefur starfað hjá lögreglunni í þrjátíu og fimm ár og hefur víðtæka reynslu af mismunandi starfssviðum. Hann er sagður yfirvegaður og rólegur en með sterkan vilja. „Honum verður ekki haggad en á sama tíma er hann virkilega góður maður og hefur þennan innri styrk sem þykir eftirsóttur hjá mönnum og konum innan okkar raða,“ segir góður félagi hans.

## Færasti lögreglumaður landsins

Karl Steinar Valsson starfar um þessar mundir sem tengifulltrúi hjá Europol og stendur utan við teymið og rannsóknina. Hann þekkir Grím frá því þeir voru saman í Lögregluskólanum. „Grímur er mjög vel gefinn maður og einnig vel menntaður og víðsýnn. Ég er búinn að þekkja Grím lengi en við sátum saman í Lögregluskólanum og lukum námi þar 1989 ef ég man rétt. Í mínum huga er hann einn færasti lögreglumaður sem starfar í lögreglulíðinu í dag. Hreinn, beinn, einlægur og heiðarlegur. Hann er með mjög fastmótaðar skoðanir en er á sama tíma diplómatur og hlustar á öll sjónar-



**Hann var æðislega skemmtilegur strákur og sífellt brosandí, kunni meðal annars þá list að spila glimrandi lög á tennispaða, sem ég efast um að margir geti leikið eftir.**

Vigdís Grímsdóttir



**Liðsheild og samkennd eru góðir kostir sérsveitarmanna að sögn Guðmundar Ómars Þráinssonar yfirmanns sérsveitarinnar.**



mið. Hann er faglegur í alla staði og í þessu starfi af heilum hug. Grímur er sá maður sem mér hefur ávallt þótt best og skemmtilegast að vinna með. Sterk fyrirmynd fyrir aðra lögreglumenn og langt út fyrir það. Þegar hann talar þá hlustar maður og veit að maður getur treyst því sem hann segir,“ segir Karl Steinar.

„Þetta mál reynir mjög á andlegan styrk,“ segir lögreglumaður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir einnig athyglina sem lögreglan fær fyrir góða framgöngu óþægilega. Því lögreglufólki sem starfar að rannsókn málsins sé ofarlega í huga samkennd og nærgætni við fjölskylduna. Lögreglumenn eigi ekki að láta haggast þegar almenningur hefur sterka skoðun á störfum þeirra. Það þurfi að gilda bæði þegar þeir eru umdeildir og lofaðir.

## Gott að leita til hans

Grímur og fleiri lögreglumenn hafa nánast haldið til á skrifstofum sínum síðan málið kom upp og unna sér ekki hvíldar. Þórður, sonur hans, segir fjölskylduna styðja við hann. „Þetta er þannig mál og hann hefur sett fullan kraft í það. Við látum hann vita af því að hann stendur sig vel. Ég hringdi í hann eftir að hann sat fyrir svörum í Kastljósinu og var stoltur af honum. Við í fjölskyldunni þekkjum vel hans innri mann. Þetta er hlið á honum sem við þekkjum vel. Okkur finnst gott að samfélagið hafi fengið að kynnast honum því starfið getur verið óvægið. Það hefur verið deilt á hann og það fannst mér óþægilegt. Ég tók því persónulega þó ég sé nú auðvitað ekki að dvelja við það,“ segir Þórður.

Hann segist alltaf hafa getað leitað til föður síns. „Þegar það koma upp vandamál þá finnst mér gott að leita til hans. Hann hefur þá sett hlutina í samhengi fyrir mig, sýnt mér fram á skynsamlega niðurstöðu. Fyrst og fremst hefur hann kennt mér að láta ekki skapið hlaupa með mig.

Hann er mjög góður faðir og góð fyrirmynd, sanngjarn með réttlætiskennnd. Svo er hann líka frábær afi,“ bætir Þórður við.

## Spilar á tennispaða

Systir Gríms, Vigdís, gefur skemmtilega innsýn í persónuleika litla bróður síns. „Hann var æðislega skemmtilegur strákur og sífellt brosandí, kunni meðal annars þá list að spila glimrandi lög á tennispaða, sem ég efast um að margir geti leikið eftir. Mikill gleðigjafi og hómoristi og eiginlega besti gæi í heimi, vildi alltaf öllum í húsinu vel og vill enn,“ segir Vigdís.

Dóttur Vigdísar, Þórdísí Filipsdóttur, þótti gott að leita til frænda síns. „Fyrir mér hefur hann alltaf verið sá sterkasti í fjölskyldunni, róað hluti niður ef eitthvað bjátaði á. Hann gat horft á hlutina skynsamlega ef eitthvað var óskýrt. Þegar ég var lítil stelpa fannst mér hann risastór og sterkur.“

## Víðtæk reynsla

Grímur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund árið 1982 og prófi frá Lögregluskóla ríkisins 1989. Tíu árum síðar kláraði hann diplómu í opinberri stjórnsýslu og stjórnun við Endurmenntun Háskóla Íslands. Hann varð viðskiptafræðingur, B.Sc., frá Háskólanum í Reykjavík 2005 og lauk í framhaldi af því meistaraþrófi í reikningshaldi og endurskoðun frá Háskólanum í Reykjavík 2007. Þá tók hann löggildingu í verðbréfamíðun, 2015.

Hann starfaði fyrstu árin sem lögreglumaður, varðstjóri og aðalvarðstjóri hjá lögreglu- stjóranum í Reykjavík. Flutti sig til Ísafjarðar í sex ár þar sem hann var lögreglumaður og varðstjóri. Þá varð hann lögreglufulltrúi og aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra eftir að hann lauk viðskiptafræðinámi sínu í Háskólanum í Reykjavík og þar til hann lauk meistaraþrófi. Þá flutti hann sig um tíma og starfaði sem viðskiptafræðingur á endurskoðunarsviði Deloitte. Þar starfaði hann aðeins í eitt ár þar til hann fór aftur til lögreglu og þá í rannsóknardeild hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Frá hrúni til ársins 2016 starfaði Grímur sem yfirlögregluþjónn hjá héraðssaksóknara. Það var í nóvember á síðasta ári að hann var settur sem yfirlögregluþjónn hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Grímur tók við stöðunni í nóvember.



## TEYMIÐ



### SIGRÍÐUR BJÖRK

**Setti rannsóknina í algjöran forgang. Stór hluti starfsmanna embættisins hefur komið að henni.**



### ÁGÚST

**Hefur starfað hjá lögreglunni í 35 ár, þykir góður maður með mikinn andlegan styrk.**



### ÁSGEIR

**Hefur starfað hjá lögreglunni í meira en aldarfjórðung. Var áður í sérsveit ríkislögreglustjóra, er sagður snöggur og nákvæmur.**

### GRÍMUR

**Menntaður og víðsýnn. Er sagður traustur og heiðarlegur af bæði fjölskyldu og félögum.**



## SMART OG HEILSUSAMLEG HÖNNUN

**Hirzlan kynnr** Stólarnir frá Topstar og Wagner fást í Hirzlunni en þeir eru bæði vandaðir og framsæknir auk þess að stuðla að bættri bakheilsu. Í nýrri verslun Hirzlunnar í Síðumúla er lögð sérstök áhersla á skrifstofuhúsgögn.

Við eyðum löngum tíma í vinnunni og mörg okkar vinna í sitjandi stellingu. „Það er afar mikilvægt að stólarnir sem við sitjum í við vinnuna séu þannig úr garði gerðir að þeir valdi ekki óþægindum í baki,“ segir Leifur Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Hirzlunnar. Hann nefnir að enn betra sé að fólk finni sér stóla sem beinlínis stuðla að bættri bakheilsu. „Það er tilfellið með stólana frá Topstar og Wagner sem eru til sölu í Hirzlunni. Þessi frábæra þýska hönnun er með einkaleyfi fyrir Body balance og Dondola-tækni sem veitir 360 gráða veltusetu í stólunum. Það er tækni sem stuðlar að mun betri bakheilsu og skapar hreyfingu fyrir hryggsúluna en Topstar og Wagner hafa unnið mikla rannsóknarvinnu til að stuðla að því að 360 gráða tæknin veiti sem mesta vellíðan.“

Framleiðendurnir gerðu könnun á meðal notenda stólanna í Þýskalandi og niðurstöðurnar eru mjög áhugaverðar að sögn Leifs. „Um 95 prósent þátttakenda í könnuninni lýstu yfir ánægju með stólinn sinn og fannst hann þægilegur, 94 prósent myndu mæla með honum, 84 prósent fundu fyrir betri líðan af notkun

Stólarnir frá Topstar og Wagner eru með einkaleyfi fyrir Body balance og Dondola-tækni sem veitir 360 gráða veltusetu í stólunum. Það er tækni sem stuðlar að mun betri bakheilsu og skapar hreyfingu fyrir hryggsúluna.



Í nýrri og glæsilegri verslun Hirzlunnar að Síðumúla 37 er lögð aukin áhersla á skrifstofuhúsgögn. „Við kappkostum að bjóða upp á nútímaleg, heilsusamleg og hugvitsamlega hönnuð húsgögn fyrir vinnustaði.“



Leifur Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Hirzlunnar, segir að það sé afar mikilvægt að stólarnir sem við sitjum í við vinnuna séu þannig úr garði gerðir að þeir valdi ekki óþægindum í baki.

MYND/EYÐÓR

stólsins og 56 prósent af þeim sem höfðu bakvandamál fundu fyrir batamerkjum,“ útskýrir hann.

### NÝ VERSLUN Í SÍÐUMÚLA

Hirzlan var opnuð árið 1993 og hefur selt gæðahúsgögn fyrir heimili og skrifstofur allar götur síðan. Núna hefur verið opnuð ný og glæsileg verslun Hirzlunnar að Síðumúla 37 þar sem er lögð aukin áhersla á skrifstofuhúsgögn. „Við kappkostum að bjóða upp á nútímaleg, heilsusamleg og hugvitsamlega hönnuð húsgögn fyrir vinnustaði,“ segir Leifur.

Auk hinna vönduðu og framsæknun skrifborðsstóla frá Topstar og Wagner býður Hirzlan meðal annars upp á Prima-skrifstofuhúsgögn frá Tvilum í Danmörku en Hirzlan hefur frá upphafi sérhæft sig í sölu á vönduðum húsgögnum frá Danmörku og Þýskalandi. Leifur leggur áherslu á að á næstunni muni Hirzlan kynna nýjan samstarfsaðila sem er einn stærsti framleiðandi í Evrópu í heildarlausnum fyrir fyrirtæki og stofnanir.

**Verslun Hirzlunnar að Síðumúla 37 er opin virka daga frá kl. 9 til 18. Símanúmer er 564-5040. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Hirzlunnar, [www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is).**

## MEISTARAMÁNUÐUR

Miðvikudaginn 25. janúar mun sérblaðið Meistaramánuður fylgja Fréttablaðinu.

Áhugasamir auglýsendur geta fengið nánari upplýsingar með því að senda póst á netfangið [serblod@365.is](mailto:serblod@365.is) eða með því að hringja í síma 512 5402



FRÉTTABLAÐIÐ



## Gítarinn ehf

Stórhöfði 27  
s:5522125  
www.gitarinn.is

# ÚTSALA

Út Janúar

### Gítarpakki.

listaverð: 33.900,-  
**okkar verð: 25.900,-**  
Gítar,poki,ól,stillitæki,  
auka strengjasett og  
kennsluforrit.



## GEÐHJÁLPA

### HAMLAR KVÍÐI ÞÉR Í DAGLEGA LÍFINU?

Ef svarið er „já“ gæti þriggja kvölda fræðsla Geðhjálpur um kvíða hjálpað þér að byrja að takast á við vandann.



### Fræðslan skiptist í þrennt:

- Eðli, ástæður og afleiðingar kvíða Hugræn atferðlismeðferð Hjálplegt lesefni
- Hvað heldur vítahring kvíða gangandi?
- Hvaða leiðir eru færar til að leysa upp vítahringinn?

Fræðslan fer fram í húsakynnum Geðhjálpur við Borgartún 30, 2. hæð, 8., 15. og 22. febrúar kl. 19.30 til 21.30.

Skráning fer fram í gegnum [verkefnisstjori@gedhjalp.is](mailto:verkefnisstjori@gedhjalp.is) fyrir 1. febrúar.



„Það er ómetanlegt fyrir íslensk börn og íslenska menningu að út séu gefnar vandaðar bækur sem eru myndskreyttar af íslenskum myndlistarmönnum,“ segir Inga María Leifsdóttir, verkefnastjóri viðburða Borgarbókasafns. MYNDIR/ERNIR

# ÓMETANLEGAR MYNDSKREYTINGAR

Myndir í íslenskum barnabókum gefa innsýn í heim sem talar til barna hérlendis og er þeim kunnuglegur. Á morgun hefst sýning í Gerðubergi í Breiðholti þar sem 24 myndskreytar sýna verk úr 33 barnabókum.

Starri Freyr  
Jónsson  
starri@365.is




Litríkar myndir úr íslenskum barnabókum sem gefnar voru út á síðasta ári prýða nú neðri hæð Gerðubergs í Breiðholti þar sem sýningin Þetta vilja börnin sjá! verður opnuð á morgun. Þetta er fimmtánda árið sem sýningin er haldin en í ár sýna 24 myndskreytar verk sín úr 33 barnabókum.


Inga María Leifsdóttir, verkefnastjóri viðburða í Gerðubergi, segir þarfir barna sérstaklega hafðar í huga við uppsetningu sýningarinnar enda ljóst að viðfangsefni hennar sé ætlað börnum frá byrjun. „Myndir sýnenda eru eins fjölbreyttar og þær eru margar og getur að líta verk bæði gamalreyntra teiknara sem fyrir löngu eru vel þekktir í heimi íslenskra barnabókmennta, sem og glæný verk myndhöfunda sem nú sýna í fyrsta sinn. Myndirnar eru hengdar frekar lágt á veggina og hver bók hangir í bandi við myndirnar svo auðvelt er fyrir litlar hendur að skoða myndir og bækur upp á eigin spýtur.“

### FJÖLBREYTT ÚRVAL

Úrvalið af myndskreytingum á sýningunni er mikið að sögn Ingu Maríu enda ólíkur hópur sem kemur að sýningunni. Bæði er stíll viðkomandi myndlistarmanna og viðfangsefni þeirra margbreytilegt, sumt er litríkt og lagstæmt, sumt er um kónga og prinsessur og annað um dýr, fantasíu eða feimna krakka. „Hér getur til dæmis að líta myndir úr nýjustu Kuggs-bókunum hennar Sigrúnar Eldjárns, sem í áratugi hafa verið fastagestir í bókahillum íslenskra barna. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, sem skemmtir landsmönnum reglulega með snjöllum teikningum sínum, hefur verið að teikna Snúðru og Tuðru eftir Íðunni Steinsdóttur upp á nýtt síðustu ár og á sýningunni eru myndir úr tveimur bókum um þær. Við sýnum líka myndir úr tveimur bókum sem eru tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barna- og ungmennabóka, Doddi: bók sannleikans, sem er mynd-



Stíll og viðfangsefni myndskreytanna er margbreytilegt eins og sjá má.



Sterkir litir einkenna margar myndirnar á sýningunni.

Myndir sýnenda eru eins fjölbreyttar og þær eru margar.

skreytt af Elínu Elísabetu Einarsdóttur og Íslandsbók barnanna, sem er myndskreytt af Lindu Ólafsdóttur, sem hlaut Barnabókaverðlaunin í fyrra. En svo erum við líka með

myndir eftir myndlistarmenn sem eru að myndskreyta sína fyrstu bók og hafa aldrei sýnt hjá okkur áður svo þarna má sjá allan skalann í íslenskum, myndskreyttum barnabókum, bæði kunnugleg andlit og glæný.“

### MIKILL METNAÐUR

Myndskreyttar íslenskar barnabækur eru ótrúlega fjölbreyttar að sögn Ingu Maríu og mikill metnaður lagður í gerð þeirra. „Það er ómetanlegt fyrir íslensk börn og íslenska menningu að út séu gefnar vandaðar bækur sem eru myndskreyttar af íslenskum myndlistarmönnum. Þær gefa innsýn í heim sem talar til barna hérlendis og er þeim kunnuglegur. Í bókunum er oft verið að vísa í íslensk dýr og jurtir, siði og menningu, og þó viðfangsefnið geti alveg verið alþjóðlegt eða framúrsteftulegt leynast þar oftast en ekki stef og vísanir sem endurspeglar reynsluheim íslenskra barna.“

Sýningin verður opnuð kl. 14 á morgun en er að öðru leyti opin gestum og gangandi á opnunartíma Gerðubergs, virka daga frá kl. 8-18 og um helgar frá kl. 13-16. Henni lýkur 5. mars og heldur þá í ferðalag um landið. Nánari upplýsingar um sýninguna og sýnendur má finna á [www.borgarbokasafn.is](http://www.borgarbokasafn.is).





# ÞREYTT Á AÐ VERA ÞREYTT?

Járnskortur getur verið ein ástæðan.  
Floradix hjálpar þér að viðhalda góðri  
heilsu og heilbrigði.

Engin  
aukaefni!



Fæst í apotekum, heilsuvörubúðum og betri matvöruverslunum

## OptiBac probiotics



**Anna G. Steinsen**  
heilsu- og matvörufróðgæfingur, fjálfari, fyrirlisari og jógakennari

Ég hef notað Optibac probiotics extra strength og finn heilmikinn mun á mér þegar ég tek inn þessa góðgerla daglega.

Ef ég borða mjólkurvörur eða glútein þá finn ég fyrir óþægindum í ristlinum, ef ég tek Optibac probiotics daglega þá líður mér miklu betur og er ekki eins þaninn.

Lykilatriði að taka inn góða gerla og Optibac hentar mér frábærlega, ég mæli eindregið með Optibac probiotics vörum. Aukin vellíðan og minni óþægindi.



Fæst í apótekum og heilsu- og matvöruverslunum

[www.facebook.com/optibaciceland](http://www.facebook.com/optibaciceland)



# Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.



Myndhöggvarar alls staðar að úr heiminum koma árlega til Harbin til að taka þátt í hátíðinni.

## UPPLÝST BORG ÚR ÍS

Alþjóðlega snjó- og íshátíðin í Harbin í Kína er nú haldin í 33. sinn og stendur fram í febrúar. Kalt er í borginni sem stendur nærri Rússlandi.

Sólveig  
Gísladóttir

solveig@365.is



Myndhöggvarar frá öllum heims-  
hornum koma til Harbin árlega til  
að taka þátt í hinni árlegu snjó- og  
íshátíð í Harbin, höfuðborg Heil-  
ongjiang héraðs í norðurhluta  
Kína, nærri landamærum Rúss-  
lands.

Hátíðin er fræg fyrir gríðar-  
stóra upplýsta ísskúlpútra af öllum  
stærðum og gerðum. Hátíðarsvæð-  
inu er skipt upp í nokkur svæði  
sem hvert hefur sitt þema. Aðal-

aðráttarafl hátíðarinnar er Har-  
bin ís- og snjóveröldin sem nær  
yfir 750 þúsund fermetra svæði.

Í skúlpútrana eru notaðir um  
180 þúsund rúmmetrar af ís. Ísinn  
er allur fenginn úr ánni Songhua  
sem rennur nærri borginni. Yfir  
fimmtíu bændur unnu í tuttugu  
daga við að koma ís úr ánni upp á  
land fyrir hátíðina.

Sýningin var formlega opnuð  
þann 5. janúar en hún hefur verið  
haldin árlega frá árinu 1985. Há-  
tíðin hefur vaxið og dafnað á þeim  
33 árum sem hún hefur verið  
haldin og er nú ein mesta snjó-  
hátíð heims og skipar sér þar í

flokk með snjóhátíðinni í Sapporo  
í Japan, vetrarkarnivalinu í Que-  
bec í Kanada og skíðahátíðinni í  
Holmenkollen í Noregi.

Mikil upplifun er að skoða  
skúlpútrana á hátíðinni en best  
þykir að heimsækja svæðið að  
næturlagi þegar ísinn er lýstur  
upp með LED-ljósum. Þó borgar  
sig að vera vel búinn enda kuld-  
inn gríðarlegur, í kringum mínus  
13 niður í 24 stig að degi til í janú-  
ar. Kosturinn við kuldann er hins  
vegar sá að skúlpútrarnir staldra  
við í töluverðan tíma. Þannig  
stendur hátíðin yfirleitt fram til  
loka febrúarmánaðar.



Hátíðin er fræg fyrir gríðarstóra upplýsta skúlpútra.



Best þykir að heimsækja svæðið að næturlagi.



Ísinn er lýstur upp með LED-ljósum.

» Sýningin var formlega opnuð 5. janúar en hún hefur verið haldin árlega frá árinu 1985.

LYFJA  
- Lífið heil

Lægra verð  
í Lyfju

lyfja.is

Tíðatappar með  
mjólkursýrugerlum  
koma jafnvægi á  
gerlaflóruna í leggöngum

20%  
afsláttur



Ellen vörurnar á 20% afslætti út janúar

ellen

2 MARAÞON  
NOW



HEILL HEIMUR AF  
SKEMMTUN VIÐ HÖNDINA  
Stöð 2 Maraþon NOW er ný streymisveita fyrir  
snjallsíma, spjaldtölvur, Apple TV og vefspilara.\*

3 MÍN AÐ SKRÁ SIG  
DAGAR FRÍTT

2.990 KR. Á MÁNUÐI  
2now.is

365



## Áhugaverð stjórnenda- og sérfræðistörf hjá PCC BakkiSilicon

### Sérfræðingur í gæðakerfum og straumlínu-stjórnun (LEAN)

Sérfræðingurinn hefur umsjón og eftirlit með samræmdu stjórnkerfi byggðu á ISO9001, 14001 og OHSAS 18001. Hann starfar náið með starfsmönnum úr öllum deildum fyrirtækisins.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verkfræði eða raunvísindum
- Haldgóð þekking á verkfærum LEAN í framleiðslu
- Reynsla af uppbyggingu og innleiðingu á stöðugum umbótum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og afburða samskiptahæfni

### Vörustjóri hráefna

Vörustjórinn ber ábyrgð á hráefnanotkun í framleiðslu og gerir áætlanir í samvinnu við aðra stjórnendur. Hann tekur ákvarðanir í samvinnu við framkvæmdastjóra og sérfræðinga í framleiðslunni er varða sjálfa framleiðsluna og breytinga sem miða að því að hámarka virði og gæði hennar.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði, málmfræði eða önnur sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af iðnaðarframleiðslu
- Þekking á verkfærum LEAN í framleiðslu mikill kostur
- Reynsla af eftirliti með framleiðsluferli og skipulagningu

### Vörustjóri lokaafurða

Vörustjórinn ber ábyrgð á lokaskrefi framleiðslunnar. Hann sér til þess að vörur séu tilbúnar til afhendingar á réttum tíma og uppfylli kröfur viðskiptavina. Hann stýrir gæðaeftirliti og vinnur náið með rannsóknarstofu og öðrum sérfræðingum við að ná settum markmiðum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði, málmfræði eða önnur sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af iðnaðarframleiðslu
- Þekking á verkfærum LEAN í framleiðslu mikill kostur
- Reynsla af eftirliti með framleiðsluferli og skipulagningu

### Sérfræðingur iðntölvustýring

Sérfræðingurinn hefur umsjón með rekstri og viðhaldi á iðntölvakerfum. Sinnir fyrirbyggjandi viðhaldsáætlunum fyrir þau kerfi ásamt öðrum smáspennubúnaði. Sér um gagnasöfnun frá iðntölvum og kvörðun mælitækja fyrir framleiðsluferlið. Viðkomandi aðili mun einnig vinna mjög náið með öðrum í framleiðsluferlinu til hagræðingar í framleiðslu með aukinni sjálfvirkni.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í rafmagnsverkfræði, tæknifræði, iðnfræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af hönnun og/eða rekstri iðntölva
- Þekking á SCADA og iðnaðarnetkerfum nauðsynleg
- Reynsla af Siemens iðntölvubúnaði er kostur

### Rafveitustjóri háspennu

Rafveitustjóri ber ábyrgð á að rafbúnaður verksmiðjunnar uppfylli kröfur um rafbúnað samkvæmt lögum og reglum þar um. Hann er ábyrgðarmaður rafveitu. Hann hefur eftirlit með framkvæmdum, viðhaldi og viðgerðum tengdum háspennu.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í rafmagnsverkfræði, rafmagnstæknifræði, iðnfræði eða meistaraáttindi rafvirkja af sterkstraumssviði
- Uppfyllir kröfur Mannvirkjastofnunar sem gerðar eru til rafveitustjóra háspennu og hafi A-löggildingu
- Minnst tveggja ára reynsla við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja
- Reynsla frá framleiðslufyrirtæki eða stóriðju kostur

### Vaktstjórar í framleiðslu

Vaktstjóri fylgir eftir framleiðsluáætlun og hefur yfirsýn yfir alla framleiðsluna. Hann skipuleggur verkefni vaktarinnar og ber ábyrgð á því að farið sé eftir öllum vinnureglum er varða framleiðsluna og öryggismál.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Minnst 3 ára reynsla sem verkstjóri eða önnur stjórnunarreynsla
- Iðnmenntun eða sambærileg menntun kostur
- Stóru vinnuvélaráttindin kostur
- Reynsla af kísilframleiðslu eða stóriðju kostur

### Leiðtogi viðhaldsmála

Leiðtogi viðhaldsmála sér um daglega stjórnun iðnaðarmanna og hefur umsjón með framkvæmd viðhaldsáætlana. Hann ber ábyrgð á að verkleyfi séu fyrir öllum verkum og að öllum kröfum sé fylgt. Hann starfar náið með skipuleggjanda viðhaldsmála og sérfræðingum í framleiðslunni.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Minnst 3 ára reynsla sem leiðtogi/verkstjóri eða önnur stjórnunarreynsla
- Iðnmenntun eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af kísilframleiðslu eða stóriðju kostur



Viltu búa og starfa í návigi við ægifagra náttúru? PCC BakkiSilicon tekur til starfa á Bakka við Húsavík síðla árs 2017. Þegar er farið að huga að fyrstu ráðningum fyrir þetta spennandi verkefni. Kísilverið verður búið nýjustu tækni til framleiðslu á kísil. Umhverfis- og öryggismál verða sett á oddinn og skipa mjög mikilvægan sess.

Hjá PCC BakkiSilicon verður unnið eftir jafnréttisáætlun og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

**pcc**  
BakkiSilicon®



Lind Einarsdóttir

**FAST**  
Ráðningar



Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

# Framkvæmdastjóri



Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins auglýsir stöðu framkvæmdastjóra sjóðsins lausa til umsóknar. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestir sem stýrir eignasafni nýsköpunar- og sprotafyrirtækja. Leitað er að einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að búa yfir afburða hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur

**6. febrúar****Starfssvið**

- Yfirumsjón með rekstri sjóðsins.
- Stefnumótun í samráði við stjórn.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Upplýsingagjöf til stjórnar.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4440****Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarreynsla úr fyrirtækjum og víðar.
- Reynsla af stefnumótunavinnu og innleiðingu stefnu.
- Þekking á íslensku atvinnulífi og rekstrarumhverfi.
- Reynsla af samningagerð og fjárfestingarverkefnum.
- Góð tungumálakunnátta.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leggur áherslu á að vinna með öðrum innlendum og erlendum fjárfestum og fjárfestir í sjóðum og einstökum fyrirtækjum til eflingar á áhættufjárfestingum í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum innanlands og utan.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr 61/1997. Sjá nánar [www.nsa.is](http://www.nsa.is)

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

## Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

## Vantar þig vinnu í sumar?

### Við leitum að sumarstarfsfólki

Okkur vantar röskt, jákvætt og þjónustulundað starfsfólki í:

- mötuneyti
- þjónustuver
- álestra
- gagnavinnslu
- sýnatöku á vinnslusvæðum Veitna og Orku náttúrunnar
- notendapjónustu upplýsingatækni

Við leggjum áherslu á gott vinnuumhverfi, öryggi og fjölbreytni. Jafnréttismál eru okkar hjartans mál og því hvetjum við stráka jafnt sem stelpur til að sækja um.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningavef okkar, [starf.or.is](http://starf.or.is), þar sem nánari upplýsingar um störf er að finna. Einnig er hægt að senda inn fyrirspurnir á netfangið [starf@or.is](mailto:starf@or.is).

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2017. Öllum umsóknum verður svarað fyrir 1. apríl 2017.

Jafnsmáttæki  
PwC

JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

**OR** Orkuveita  
Reykjavíkur



**GG optic ehf** óskar eftir starfskrafti  
í fjölbreytt skrifstofustarf, 100% stöðugildi.

### Helstu kröfur:

- Bókahalds kunnátta skilyrði
- Íslensku kunnátta skilyrði
- Kurteisi og þjónustulund
- Góð ensku kunnátta æskileg
- Talnaglögur og skipulögð vinnubrögð
- Umsóknarfrestur 31. janúar 2017

Umsóknir sendast á [augad@augad.is](mailto:augad@augad.is)  
með ferilsskrá og mynd.

## TÆKNITEIKNARI

Raftákn leitar eftir dugmiklum, framsæknum og ábyrgum einstaklingi til starfa á stofu fyrirtækisins í Reykjavík. Starfið felst í tækniteikun á rafmagnssviði. Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun sem tækniteiknari en góð kunnátta og reynsla af vinnu með Auto-Cad er skilyrði.

Raftákn er 40 ára verkfræðistofa á rafmagnssviði staðsett á Akureyri og í Reykjavík en verkefni eru um landið allt. Starfsmenn eru rúmlega 30 talsins.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri Raftákn, Árni V. Friðriksson í síma 464 6404 á skrifstofutíma eða í 864 6404. Umsóknir skulu berast til Raftákn Glerárgötu 34, 600 Akureyri bt. Árni V. Friðrikssonar eða [avf@raftakn.is](mailto:avf@raftakn.is) fyrir 30. janúar 2017.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



## HÚSVÖRÐUR Í KAPLAKRIKA

Óskum eftir að ráða harðduglegan og snyrtilegan karlmann (inn í starfinu felst baðvarsla fyrir drengi í íþróttum) í 100 % starf húsvörðar í Kaplakrika. Unnið er á vöktum.

**Starfslýsing:** Almenn þrif í húsinu og á svæðinu. Þjónusta við iðkendur og aðra gesti, eins og að svara í síma og svara fyrirspurnum varðandi félagið, æfingatíma og fleira.

**Hæfniskröfur** – Stundvísí, áreiðanleg, snyrtileg og dugleg.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir á [elsa@fh.is](mailto:elsa@fh.is) fyrir 29.jan.2017

Listahátíð í Reykjavík

# Framkvæmdastjóri

Listahátíð í Reykjavík auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri vinnur náð með listrænum stjórnanda hátíðarinnar og hefur umsjón með fjármálum og rekstri skrifstofu. Framkvæmdastjóri sinnir meðal annars innlendum og alþjóðlegum samskiptum, samningagerð og starfsmannahaldi.

Umsóknarfrestur

**6. febrúar**

### Starfssvið

- Daglegur rekstur og stjórnun.
- Fjárhagsáætlanagerð, eftirfylgni og uppgjör.
- Samningagerð við listamenn, -stofnanir og styrktaraðila.
- Eftirfylgni styrkumsókna og fjáröflun fyrir hátíðina.
- Þátttaka í markaðs- og kynningarmálum.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4439**

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Reynsla af uppgjörum, áætlanagerð og eftirfylgni.
- Reynsla af samningagerð.
- Þekking og áhugi á íslensku menningarlífi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.



Listahátíð  
í Reykjavík

Listahátíð í Reykjavík var stofnuð árið 1970 og stendur fyrir alþjóðlegri listahátíð. Hátíðin er í stöðugri þróun.

Aðild að Listahátíð í Reykjavík eiga mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og fulltrúaráð sem skipað er helstu samtökum listamanna og menningarstofnunar.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Sérfræðingur með áherslu á bókhald

Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir starf sérfræðings til að sinna bókhaldi ráðuneytisins og tengdum verkefnum. Sérfræðingurinn þarf að vera nákvæmur í vinnubrögðum og með mjög góða þekkingu á bókhaldi. Starfið hentar drífandi einstaklingi með góða samskiptahæfni og getu til að miðla þekkingu sinni. Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað.

Sérfræðingurinn mun starfa á rekstrarsviði þar sem nú eru 12 störf, en í ráðuneytinu öllu eru um 85 starfsmenn. Viðkomandi mun eiga í miklu samstarfi við allar skrifstofur ráðuneytisins, Fjársýslu ríkisins auk fleiri. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur

**6. febrúar**

### Starfssvið

- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi.
- Færsla fjárhagsbókhalds.
- Móttaka og skráning reikninga.
- Afstemmingar.
- Greiningarvinna og úrvinnsla gagna.
- Aðstoð við gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Vinnsla fjármálaupplýsinga.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4435**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða rekstrar.
- Reynsla og góð þekking á bókhaldi er skilyrði.
- Góð almenn tölvufærni og góð þekking á Excel.
- Þekking og reynsla af Orra bókhaldskerfi er kostur.
- Greiningarhæfni.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð er kostur.
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund og uppbyggilegt hugarfar.
- Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.



Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytisins er meðal annars að bæta stjórnunarhætti ríkisins og áætlanagerð, ásamt því að vera virkur aðili á sviði umbóta og hagræðingar í rekstri ríkisins. Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



## Linux og sjálfvirkar hugbúnaðarlausnir

Leitum að háskólamenntuðum hugbúnaðarsérfræðingi með góða þekkingu á Linux og SQL. Áhugi á gæðamálum og góð greiningarhæfni er mikilvæg.

Sjá nánar á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

intellecta  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Félagsbústaðir hf er sjálfstætt starfandi fasteignafélag í eigu Reykjavíkurborgar. Það á, rekur og leigir út yfir 2.000 íbúðir í Reykjavík. Hjá fyrirtækinu starfa ríflega 20 manns. Félagið er staðsett miðsvæðis í Reykjavík og er vottað í hóp framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi 2016 af Creditinfo.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess [www.felagsbustadir.is](http://www.felagsbustadir.is)

## Félagsbústaðir leita að verkefnastjóra á sviði upplýsingatækni og rekstrarfulltrúa á framkvæmdasvið

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum sem eru tilbúnir til að takast á við spennandi og krefjandi verkefni sem framundan eru hjá Félagsbústöðum.

### Verkefnastjóri á sviði upplýsingatækni

Gott skipulag og aðgengi að lykilupplýsingum úr rekstri er mikilvægur þáttur í starfsemi Félagsbústaða. Á grundvelli sögulegra gagna eru gerðar áætlanir og spár sem nýttar eru við ákvarðanatöku stjórnenda. Næsti yfirmaður verkefnastjóra er framkvæmdastjóri.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með upplýsingatæknimálum Félagsbústaða
- Samantekt tölulegra gagna og skýrslugerð
- Áætlanagerð og miðlun til umhverfis
- Þróun og endurbætur á upplýsingakerfum fyrirtækisins
- Val og innleiðing á nýjum hugbúnaði
- Uppsetning og þróun á vöruhúsi gagna
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, hagfræði eða tölvunarfræði
- Brennandi áhugi á upplýsingatæknimálum
- Mikil greiningarhæfni og skarpur hugur
- Kunnátta í hugbúnaði sem nýtist starfinu
- Færni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og hæfni til að leiðbeina notendum
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, fagmennska og drifkraftur
- Gott vald á íslensku, töluðu og rituðu máli

### Rekstrarfulltrúi á framkvæmdasviði

Mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins er rekstur og viðhald fasteigna. Í daglegum rekstri á stóru og fjölbreyttu eignasafni koma upp verkefni sem beina þarf í réttan farveg hratt og örugglega. Næsti yfirmaður rekstrarfulltrúa er sviðsstjóri framkvæmdasviðs.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Móttaka, greining og skráning viðhaldsbeiðna
- Samskipti við iðnaðarmenn, verktaka, hússtjórnir og aðrar deildir fyrirtækisins
- Eftirfylgni verkefna
- Kostnaðareftirlit
- Yfirferð og samþykkt reikninga
- Rekstur sameigna
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi eða af viðhaldi fasteigna er æskileg
- Iðn- eða tæknimenntun er mikill kostur
- Mikil færni í mannlegum samskiptum
- Færni í íslensku, töluðu og rituðu máli
- Reynsla af verkefnabókhalda er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð



Upplýsingar veitir: **Sverrir Briem** - [sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is)

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk.





ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar bæði hérlendis og erlendis.


Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.



Við breytum vilja í verk



# Erum við að leita að þér ?

ÍAV óskar eftir öflugum fólki til framtíðarstarfa á höfuðborgarsvæðinu, suðurnesjum og nágrenni.

## Verkefnastjóri

Verkefnastjórar stýra verklegum framkvæmdum og bera ábyrgð á því að gæða-, kostnaðar- og tímaáætlanir standist.

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði bygginga-, tækni- eða verkfræði
- Þekking og reynsla af hönnun bygginga, stjórnun, framkvæmdaeftirlit og ráðgjöf
- Vottun frá Verkefnastjórnunarfélaginu eða MPM nám er kostur
- Reynsla af tilbodsgerð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veitir Magni Helgason mannauðsstjóri, [magni@iav.is](mailto:magni@iav.is), í síma 530-4200.

## Jarðvinnuverkstjóri / flokkstjóri

- Reynsla af umsjón jarðvinnuverkefna

## Tækjamenn á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum

- Suðurnes, reynsla af námuvinnslu
- Höfuðborgarsvæðið, reynsla á hjólagröfum og smávélum

## Sérhæfðir verkamenn í jarðvinnu á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum

- Reynsla af lagnavinnu æskileg

Upplýsingar veitir Árni Valur Garðarsson verkefnastjóri á jarðvinnusviði, [avg@iav.is](mailto:avg@iav.is) í síma 530-4200.

## Trésmiðir í mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæðinu

Við leitum að einstaklingum jafnt sem hópum. Uppmæling á vegum Byggiðnar í boði þar sem við á.

### Menntun og hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Sveinsbréf í iðngreininni
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Reynsla við uppsteypu
- Reglusemi og stundvísi

Upplýsingar veitir Magni Helgason mannauðsstjóri, [magni@iav.is](mailto:magni@iav.is), í síma 530-4200.

## Trésmiðir í þjónustuverkefni á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum.

Þjónustudeildin sinnir ýmiskonar viðhalds- og þjónustuverkefnum á stór höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að metnaðarfullum trésmiðum með ríka þjónustulund gagnvart viðskiptavinum. Starfið fellst meðal annars í viðhaldsverkefnum, breytingarvinnu, útkallsþjónustu og nýsmíði.

### Menntun og hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Sveinsbréf í iðngreininni
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Almenn snyrtimennska
- Þekking, reynsla og sjálfstæði í starfi
- Fjölbætt reynsla af viðhaldsvinnu er kostur
- Reglusemi og stundvísi

Upplýsingar veita Gunnar Traustason á höfuðborgarsvæðinu, [gunnartr@iav.is](mailto:gunnartr@iav.is), og Einar Ragnarsson á suðurnesjum, [einar.ragnarsson@iav.is](mailto:einar.ragnarsson@iav.is), í síma 530 4200.

Umsóknir berist í gegnum heimasíðu ÍAV, [www.iav.is](http://www.iav.is) fyrir 4.febrúar nk.



## FORSTÖÐUÞROSKAÞJÁLFI ÓSKAST Á HEIMILI FATLAÐS FÓLKS Í GARÐABÆ

Garðabær óskar eftir að ráða í starf forstöðuþroskaþjálfna á heimili fatlaðs fólks í Garðabæ. Um er að ræða 100% starfshlutfall og verður ráðið í starfið sem fyrst eða samkvæmt nánara samkomulagi.

### Helstu verkefni:

- Veitir heimilinu forstöðu
- Áætlanagerð og ábyrgð á rekstri
- Ábyrgð á skipulagi innra starfs
- Ábyrgð á starfsmannamálum og samskiptum við aðstandendur og aðra samstarfsaðila
- Leiðsögn og ráðgjöf til þjónustunotenda og starfsmanna

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þroskaþjálfmenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfari. Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi er æskileg
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af starfi á heimili fatlaðs fólks
- Góð færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar 2017.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir** Sólveig Steinsson í síma 5258500 eða með því að senda tölvupóst á [solveigst@gardabaer.is](mailto:solveigst@gardabaer.is).

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Samband íslenskra sveitarfélaga við Þroskaþjálfafélag Íslands.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, er hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Garðabæjar [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).



**GARÐABÆR**

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARÐABÆR.IS



**Óskum eftir Bílamálara**  
eða vönum manni í bílamálun.  
**Verður að geta starfað sjálfstætt**  
**Upplýsingar í síma 564 0606**  
eða [bilastod@simnet.is](mailto:bilastod@simnet.is)

## CAFE PARIS

VIÐ LEITUM AÐ  
KOKKUM OG ÞJÓNUM  
TIL AÐ STARFA Á NÝJUM  
OG ENDURBÆTTUM CAFE PARIS.

EINUNGIS FÓLK MEÐ FAGMENNTUN  
OG / EÐA REYNSLU KOMA TIL GREINA.

UMSÓKN OG FERILSKRÁ SENDIST Á  
[cafeparis@cafeparis.is](mailto:cafeparis@cafeparis.is)



**Háskólinn  
á Akureyri**

## Náms- og starfsráðgjafi

Háskólinn á Akureyri auglýsir lausa 100% stöðu náms- og starfsráðgjafa

### Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa:

- Hefðbundin ráðgjafastörf.
- Þátttaka í áframhaldandi uppbyggingu og þróun náms- og starfsráðgjafar við HA, einkum hvað snertir fjarnema.
- Vinna fyrir og með málefni fjarnema.
- Þróun rafrænnar ráðgjafar (aðferðir/tækni).
- Vinna að því að auka endurkomu nemenda við skólann.
- Skipulag og uppbygging starfsráðgjafar.
- Samstarf við aðrar starfseiningar innan háskólans er lúta að ráðgjafarþjónustu við nemendur.
- Þátttaka í ýmsum þróunarverkefnum til skemmri eða lengri tíma innan háskólans.
- Þróun sérúrræða, einkum tæknihluta þeirra.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf, að lágmarki meistaragráða í náms- og starfsráðgjöf.
- Starfsleyfi sem náms- og starfsráðgjafi.
- Þekking og áhugi á nýjungum í náms- og starfsráðgjöf.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af háskólastarfi og ráðgjöf í háskóla er æskileg.
- Mikil skipulagshæfni, metnaður og frumkvæði í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

**Umsóknarfrestur er til 6. febrúar 2017**

Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið [starfsumsokn@unak.is](mailto:starfsumsokn@unak.is). Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Sólveig Hrafnisdóttir, forstöðumaður náms- og starfsráðgjafar í síma 460 8034, netfang [solveig@unak.is](mailto:solveig@unak.is)

Nánari upplýsingar um fylgigögn umsókna, laun og meðferð umsókna er að finna á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) og á vef Háskólans á Akureyri.

[www.unak.is/lausstorf](http://www.unak.is/lausstorf)

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um laus störf.

ATVINNA ATVINNA ATVINNA ATVINNA ATVINNA  
**IMPERIAL**  
Akureyri

Fataverslunin **IMPERIAL** Akureyri leitar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling til starfa í verslun sína á Glerártorgi.

Um er að ræða 100% starfshlutfall virka daga og um helgar og æskilegt að viðkomandi 25 ára eða eldri.

Starfið fellst í því að þjónusta og afgreiða viðskiptavinum **IMPERIAL** ásamt tilfallandi verkefnum í versluninni.

Starfsmaður þarf að vera söluþrífur, félagslyndur og jákvæður og hafa gaman af mannlegum samskiptum og þjónustulipurð.

Mikil tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling að vinna sig upp í starfi.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af þjónustu æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Frumkvæði í starfi og metnaður
- Áhugi á tísku er kostur
- Jákvætt viðhorf og vilji til að læra

Umsóknir með ferilskrá berist til [imperialak.starf@gmail.com](mailto:imperialak.starf@gmail.com) fyrir 31. janúar og verður öllum umsóknum svarað.

**IMPERIAL** Akureyri er fataverslun sem hefur verið starfrækt á Glerártorgi á Akureyri síðan 2008 og sérhæfir sig í tískufatnaði og skóm fyrir bæði konur og karla.

**IMPERIAL**  
Akureyri

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI  
Opnunartími: Mán til föstud. 10-18.30, laugard. 10-18, sunnud. 12-17



## Ert þú SmjattPatti?

Smjattpatti ehf. sér um rekstur mótuneyta Tækniskólans, sem eru þrjú talsins.

Við leitum að aðstoðarmanni/konu í 100% starf frá 1. febrúar 2017. Starfið er fjölbreytt og snýst meðal annars um undirbúning, útkeyrslu og afgreiðslu á hádegismat, samlokugerð, afgreiðslu á kassa og frágang. Vinnutími er 8-16 alla virka daga.

- Íslenskukunnátta skilyrði. • Ökuskírteini skilyrði.
- Reynsla af mótuneytisstörfum æskileg.

Ferilskrá sendist til kokkur(hjá)gmail.com.

Upplýsingar í síma 822-8577 (Heimir) eða 895-1605 (Ingunn)

# SmjattPatti

Mötuneyti - Veislur - Smurbrauð

## Löggiltur fasteignasali

Rótgróin fasteignasala sem hefur mikil umsvif í fasteignasölu auglýsir eftir lögg. fasteignasala til starfa. Æskilegt er að viðkomandi hafi víðtæka reynslu af sölu- og leigumiðlun fasteigna, bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Góð föst laun í boði.

**Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda berist á netfangið [box@frett.is](mailto:box@frett.is) fyrir 5. febrúar nk. merkt Löggiltur 2101**

*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*



## Fagsviðsstjóri plöntueftirlits

Matvælastofnun óskar eftir að ráða háskólamenntaðann einstakling með fagþekkingu á plöntum og plöntusjúkdómum í starf fagsviðsstjóra plöntueftirlits á markaðsstofu MAST í Reykjavík. Um fullt starf er að ræða.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Hlutverk fagsviðsstjóra er að hafa yfirumsjón með málum er lúta að skráningu og eftirliti með inn- og útflutningi plantna og plöntuafurða, eftirlit með kartöfluútsæði og sáðvöru ásamt eftirliti með viðarumbúðum vegna útflutnings.

Meðal verkefna er skjala- og vöruskoðun vegna innflutnings plantna og plöntuafurða, útgáfa vottorða vegna útflutnings á plöntum, sýnataka og eftirlit vegna innflutnings á sáðvöru á markaði, einnig eftirlit með fyrirtækjum vegna framleiðslu á plöntum og viðarumbúðum, skoðanir og eftirlit með innlendri ræktun á kartöfluútsæði auk almennrar stjórnsýslu á þessu sviði.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á vef Matvælastofnunar og í síma 530-4800. Umsókn þarf að fylgja prófskírteini, starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og skýr rökstuðningur fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfnikröfur fyrir starfið. Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar n.k.

### Hæfnikröfur

Umsækjendur skulu hafa háskólamenntun í plöntusjúkdómum, líffræði, búvísindum eða aðra menntun sem talin er henta í starfið. Góð fagþekking á plöntum og plöntusjúkdómum er nauðsynleg. Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur. Gerð er krafa um færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku ásamt góðri almennri tölvukunnáttu. Góð framkoma og lipurð í samskiptum, nákvæm og fagleg vinnubrögð ásamt getu til að starfa sjálfstætt eru áskilin.

*Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Hjá stofnuninni starfa 90 starfsmenn.*

[www.mast.is](http://www.mast.is)

Árvekni

Framsækni

Gegnsæi

Traust

## Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Hagsýni

Liðsheid

Heilindi

[nordural.is](http://nordural.is)



## SPENNANDI SUMARSTÖRF

Við leitum að metnaðarfullu og skemmtilegu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði er dagvinna og vaktavinna við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Öll störfin henta jafnt körlum og konum.

Nordurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

### HÆFNISKRÖFUR:

- 18 ára og eldri
- Öryggisvitund, heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Bílpróf er skilyrði
- Verkfræðinemar, iðnnemar og iðnaðarmenn eru sérstaklega hvattir til að sækja um

Árangurstengd laun sumarfólks við framleiðslu eru um 525.000 krónur á mánuði fyrir fullt starf. Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu. Umsóknnum skal skilað inn rafrænt á [www.nordural.is](http://www.nordural.is) fyrir 12. febrúar 2017.

Nánari upplýsingar veitir Helga Björg Hafþórsdóttir í síma 430 1000. Öllum umsóknnum verður svarað til trúnaði heitið.



# Ráðgjafar á sviði skipulagsmála

Ráðgjafarfyrtækið Alta leitar að góðum liðsmönnum

Við leitum að starfsfólki sem hefur víða sýn, þekkingu og metnað til að ná frábærum árangri.

Bakgrunnur á sviði skipulagsfræði, landfræði, ferðamálafræði, arkitektúrs, landslagsarkitektúrs, verkfræði eða stefnumótunar.

Nánari upplýsingar eru veittar á [starf@alta.is](mailto:starf@alta.is)

## Hæfniskröfur

- » Háskólamenntun með framhaldsgráðu sem tengist gerð skipulagsáætlana, stefnumótun, arkitektúr, ferðamálum eða byggðapróun
- » Forvitni, áhugi og frumkvæði
- » Virðing fyrir fjölbreyttum sjónarmiðum
- » Geta til að setja hlutina í margvíslegt samhengi
- » Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- » Góð ritfærni
- » Starfsreynsla á ofangreindum sviðum er æskileg



Sjá nánar um okkur á [www.alta.is](http://www.alta.is)

Alta er framsækið ráðgjafarfyrtæki.

Viðfangsefnin eru einkum á sviði skipulagsmála, byggðapróunar, ferðapjónustu, verkefnastjórnunar og stefnumótunar.

Verkefnin eru fjölbreytt, þverfagleg, krefjandi og skemmtileg. Frjótt andrúmsloft, samhent starfsfólk og gott vinnuumhverfi gerir Alta að eftirsóttum vinnustað.

Alta er með starfsstöðvar í Reykjavík og Grundarfirði.

**Ef þú hefur áhuga á að vera með okkur í liði, þá sendu umsókn til [starf@alta.is](mailto:starf@alta.is)**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar næstkomandi.**

# Verðbréfamiðlun

Landsbankinn leitar að öflugum verðbréfamiðlara í hóp reynslumikilla starfsmanna Markaðsviðskipta bankans. Markaðsviðskipti tilheyra sviðinu Markaðir þar sem helstu verkefni eru sala og miðlun verðbréfa, gjaldeyrismiðlun, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýring og einkabankapjónusta.

Bankinn hefur á undanförunum árum veitt þjónustu á erlendum verðbréfamörkuðum og hyggst nýta þau tækifæri sem losun hafta færir til að efla þá þjónustu enn frekar. Bankinn er leiðandi sem stærsti markaðsaðili Kauphallar Íslands og leggur í starfsemi sinni mikla áherslu á fagmennsku starfsmanna, framúrskarandi árangur og drifkraft.

## Helstu verkefni

- » Miðlun erlendra verðbréfa
- » Samskipti við viðskiptavinum
- » Greining á markaðsaðstæðum
- » Úttekt og greining á markaðstækifærum

## Hæfnis- og menntunarkröfur

- » Háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða verkfræði
- » Próf í verðbréfavíðskiptum er skilyrði
- » Haldgóð reynsla af verðbréfamarkaði
- » Mjög góð enskukunnátta
- » Nákvæmni og framúrskarandi samskiptahæfni
- » Haldgóð þekking á erlendu jafnt sem íslensku efnahagsumhverfi

Nánari upplýsingar veita Árni Mariásson, forstöðumaður Markaðsviðskipta, í síma 410 7335 eða [arni.mariasson@landsbankinn.is](mailto:arni.mariasson@landsbankinn.is) og Bergþóra Sigurðardóttir, starfsþróunarstjóri, í síma 410 7907 eða [bergsig@landsbankinn.is](mailto:bergsig@landsbankinn.is).

Umsókn merkt *Verðbréfamiðlun* fyllist út á vef bankans, [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is). Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar nk.



Jafnlaunaúttekt  
PwC



Viltu auglýsa störf fyrir pólskumælandi starfsmenn á Íslandi á samfélagsmiðlum og heimasíðu okkar?

Viltu fá ábendingar um pólska starfsmenn sem eru að leita sér vinnu á Íslandi?

Hafðu samband: [agus@agus.is](mailto:agus@agus.is), S. 620-0525  
[www.agus.is](http://www.agus.is) eða á facebook.

Ráðningar, ráðgjöf og túlkajónusta



Ísteika óskar eftir fólki í eftirfarandi störf:

Rannsóknarstofa

Starfssvið:

Mælingar, skýrsluskrif, þríf og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

Reynsla af rannsóknarstofuvinnu æskileg. Góð skrif- / málfærni í íslensku og ensku, samskiptahæfileikar, nákvæmni, sjálfstæð vinnubrögð, sveigjanleiki og reglusemi.

Menntunarkröfur:

Umsækjandi þarf að hafa menntun á sviði raunvísinda.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á [bryndis@isteka.com](mailto:bryndis@isteka.com)

Framleiðsludeild

Starfssvið:

Lyfjaframleiðsla, þríf, skýrsluhald.

Hæfniskröfur:

Góð skrif- / málfærni í íslensku, samskiptahæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð, sveigjanleiki og reglusemi.

Reynsla af störfum í matvæla- eða lyfjaframleiðslu er kostur

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á [sigsig@isteka.com](mailto:sigsig@isteka.com)

Umsóknarfrestur er til 1.febrúar 2017

Hjá Ísteika ehf. er unnið við þróun og framleiðslu á próteinlyfjum (biologics) og mælissettum (diagnostic kits) fyrir erlenda markaði. Starfsemin er GMP vottuð og framleiðsluferlar og starfshættir samþykktir af lyfjastofnunum út um allan heim, m.a. af FDA í USA.

Ísteika er á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki.

# ATVINNA

## Óskum eftir að ráða meiraprófsbíl- stjóra á kranabíl og dráttarbil. Einnig vantar okkur gröfumann.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf og vinnuvélaréttindi
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi

Góð laun í boði fyrir rétta aðila.

Upplýsingar gefur Guðný í s. 894-5770 eða [gudny@thsverk.is](mailto:gudny@thsverk.is)

ÞS Verktakar er jarðvinnuverktakar á Egilsstöðum með starfs-  
vettvang um Norðausturland.

Helstu verkefni eru: jarðvinna, þungaflytningar, snjósmokstur á  
Fljótsdalshéraði og ýmis stór og smá verk af ýmsum toga.  
Hjá fyrirtækinu starfa á um 15 manns á ársgrundvelli.



Mjósi 8 - 10, 700 Egilsstaðir  
Sími: 471 1170 / Vn. 892 5770  
Fax 471-1553 / [thsverk@thsverk.is](mailto:thsverk@thsverk.is)



Sterk tengsl  
í íslensku atvinnulífi  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



# WE ARE LOOKING FOR YOU!

Join our  
amazing team



## About Annata

We are an international management consulting and technology services company, headquartered in Iceland and established 2001. With the combination of deep industry experience and comprehensive capabilities within chosen technology areas, we work closely with customers and partners around the world to help them become high-performance businesses. Annata employs over 120 people in 13 locations around the world.

At Annata you will enjoy an excellent work environment and a dynamic atmosphere, providing you with an opportunity to grow and develop professionally.

## Project Manager/Scrum Master

We are looking for an experienced Project Manager/Scrum Master to join our Project Management team. The primary purpose of the position is to plan and manage delivery of Microsoft Dynamics 365 projects for customers all over the world.

Experience in project management within software implementation is required.

## Functional CRM Consultant

We are looking for a functional consultant within CRM (Customer Relationship Management) to address customers' business's needs, take part in pre-sales and be responsible for ensuring our customers' CRM implementations all over the world.

Experience with usage or implementation of CRM software, sales or customer service work is required.

## Functional Solution Architect

We are looking for a highly organized and independent person to join our development team. This candidate would be involved in a wide range of development activities, including writing functional specifications, testing and the running of individual projects.

Experience within software development processes and B.Sc.or M.Sc. university degree is required.

## Mobile App Product Owner

We are looking for a senior candidate with experience in app development to lead our team and vision for mobile app development. Candidate will act as a lead developer, functional and technical solution architect as well responsible for roadmap and development of mobile apps for our solutions.

Experience with app development and technical B.Sc.or M.Sc. university degree is required.

## Accountant/Receptionist

We are looking for a candidate to handle accounting for Annata and related sub-companies including basic reception work. Main tasks include daily accounting, reconciliations, monthly billing, settlement of VAT and collection.

Experience within accounting is required and knowledge of Microsoft Dynamics AX is preferred.

Apply before January 31st 2017.

More information and how to apply on Annata's website  
([www.annata.is/is/um-annata/storf-i-bodi](http://www.annata.is/is/um-annata/storf-i-bodi))

  
annata



# Sumarstörf 2017

EFLA leitar að efnilegum, hugmyndaríkum og metnaðarfullum verk- eða tæknifræðinemum í sumarstörf með framtíðarvinnu í huga. EFLA leggur áherslu á að veita ungum starfsmönnum tækifæri á að axla ábyrgð í verkefnum og þróast í starfi. Ráðnir verða sumarstarfsmenn á öll svið og svæði fyrirtækisins.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, [www.efla.is/umsokn-um-starf](http://www.efla.is/umsokn-um-starf). Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

**Rafræn umsókn**  
á [www.efla.is](http://www.efla.is)

**Nánari upplýsingar**  
412 6000 eða  
[job@efla.is](mailto:job@efla.is)

**Farið verður með  
allar umsóknir sem  
trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

UMSÓKNIR

[www.efla.is/umsokn-um-starf](http://www.efla.is/umsokn-um-starf)

## Matreiðslumaður óskast

**Óskum eftir matreiðslumanni í fullt starf.**

Viðkomandi þarf að hafa reynslu, frumkvæði, drifkraft og eiga gott með að vinna með fólki. Góð laun eru í boði fyrir réttan aðila.

Príund hf er traust, gamalgróið og framsækið fyrirtæki með metnaðarfulla framtíðarsýn.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Sveinbjörns Friðjónssonar framkvæmdastjóra eldhúsa Príundar fyrir 31. janúar. Netfang: [sf21@simnet.is](mailto:sf21@simnet.is)**  
**Hann veitir einnig upplýsingar í síma 695-9950**

*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*

## Nám í áfengis- og vímuefnaráðgjöf

Lausar eru til umsóknar stöður nema í áfengis- og vímuefnaráðgjöf við Sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall er 100%.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Námið fer fram á heilbrigðisstofnunum SÁÁ þar sem áfengis- og vímuefnaráðgjafanemar fá starfs- og námsaðlögun auk kennslu. *Sjá nánar á [www.saa.is](http://www.saa.is).*

### Hæfniskröfur

- Stúdentspróf æskilegt
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og SFR. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á: [ingunnh@saa.is](mailto:ingunnh@saa.is).

### Nánari upplýsingar veitir

Ingunn Hansdóttir, yfirsálfræðingur SÁÁ, s. 8247608, netfang: [ingunnh@saa.is](mailto:ingunnh@saa.is).



## Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu stofnunarinnar.

Við leitum að jákvæðum og ábyrgum starfsmanni sem hefur áhuga á að veita starfsmönnum og viðskiptavinum stofnunarinnar framúrskarandi þjónustu. Helstu verkefni eru móttaka viðskiptavina, símsvör, bókhald, almenn skrifstofustörf ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Nánari upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar má finna á heimasíðunni [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Ábyrgð, vandvirkni og nákvæmni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og þjónustulund
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg
- Gott vald á íslensku
- Kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli er nauðsynleg

Um 75% starf er að ræða. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu hafa gert.

Við ráðningar í störf hjá Árnastofnun er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf. Nánari upplýsingar veitir Kári Kaaber í síma 525-4025. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til 30. janúar 2017.**

**Umsóknir skal senda á netfangið [kari.kaaber@arnastofnun.is](mailto:kari.kaaber@arnastofnun.is)**



100%  
ÁSTRÍÐA

100%  
FAGMENNSKA

100%  
ÖRYGGI

# 100% KREFJANDI OG SKEMMTILEGT

## VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ ÞRÓA KRAFTMIKIÐ OG LIFANDI UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKI?

Okkar æðsta markmið er að veita viðskiptavinum okkar 100% þjónustu og það gerum við með því að hafa í okkar röðum tæknifólk í fremstu röð. Einstaklinga sem við treystum fyrir lyklinum að mikilvægustu upplýsingakerfum landsins.

Við óskum eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

### Windows kerfisstjóri

#### UM STARFIÐ:

Kemur að rekstri og uppbyggingu á Windows umhverfi RB ásamt þeim lausnum sem keyra ofan á því umhverfi. Fær frábært tækifæri til að takast á við stórskemmtileg og krefjandi verkefni.

#### HELSTU VERKEFNI:

- Daglegur rekstur á Windows umhverfi RB
- Stuðningur við aðra hópa innan fyrirtækisins
- Mikil aðkoma að þróun og uppbyggingu lausna

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af kerfisstjórnun í Windows umhverfi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni
- Þekking á Windows PowerShell er kostur
- Reynsla af DevOps vinnubrögðum er kostur

Nánari upplýsingar veitir Daníel Örn Árnason, forstöðumaður Grunnrekstrar, daniel.orn.arnason@rb.is, sími 569 8877.

### Netstjóri

#### UM STARFIÐ:

Kemur að rekstri, viðhaldi og uppbyggingu á netumhverfi RB og viðskiptavina þess. Viðkomandi mun koma að uppbyggingu á fjölbreyttum netrekstri, álagsdreifum og netöryggislausnum og þarf að vera duglegur að tileinka sér nýjungar. Um er að ræða krefjandi og skemmtilegt starf fyrir öflugan einstakling.

#### HELSTU VERKEFNI:

- Kemur að rekstri, viðhaldi og uppbyggingu á netumhverfi RB og viðskiptavina þess
- Kemur að netrekstri í meðal annars VMware, álagsdreifum og netöryggislausnum
- Tekur þátt í að byggja upp nýtt skýjaumhverfi

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Nokkurra ára reynsla af rekstri netbúnaðar og netöryggiskerfum
- Vottun á sviði net- og netöryggismála kostur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki nauðsyn
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni

Nánari upplýsingar veitir Daníel Örn Árnason, forstöðumaður Grunnrekstrar, daniel.orn.arnason@rb.is, sími 569 8877.

### Linux/Unix kerfisstjóri

#### UM STARFIÐ:

Við erum að styrkja Unix hópinn okkar og leitum að reynslumiklum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni í öflugri einingu. Viðkomandi kemur að rekstri og uppbyggingu á Linux/Unix umhverfi RB ásamt þeim lausnum sem keyra ofan á því umhverfi.

#### HELSTU VERKEFNI:

- Daglegur rekstur og viðhald á RedHat og AIX umhverfum fyrirtækisins
- Daglegur rekstur á hugbúnaðarlausnum
- Framþróun umhverfa og þátttaka í mótun tæknistefnu fyrirtækisins
- Villugreining og bestun á lausnum í tækniumhverfi fyrirtækisins

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Góð hæfni á Red Hat Linux er nauðsynleg
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða starfsreynsla í fagi
- Þekking og reynsla af rekstri á IBM Power/AIX er kostur
- Þekking á Chef eða öðrum sjálfvirknitólum er kostur
- Reynsla af DevOps vinnubrögðum er kostur
- Reynsla af forritun er kostur

Nánari upplýsingar veitir Kristjón Sverrisson, forstöðumaður Tæknireksturs, kristjon.sverrisson@rb.is, sími 569 8877.

Við bjóðum góða vinnuáðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.

Hægt er að sækja um á [www.rb.is](http://www.rb.is) til 29. janúar 2017.

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

#### NÁNAR UM RB

- RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðsluferfi landsins.
- RB hlaut Gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC 2016 en með því er staðfest að munur á grunn- og heildarlaunum karla og kvenna er minni en 3,5% hjá fyrirtækinu.
- RB er framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi 2016. Einungis 1,7% fyrirtækja á Íslandi eru á þeim lista.
- RB er fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum en viðurkenningin er veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands. Samstarfsaðilar rannsóknarmiðstöðvarinnar eru Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq og Samtök atvinnulífsins.
- RB var tilnefnt til Íslensku þekkingarverðlaunanna af Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga árið 2016.



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2016







## TÆKNIFRÆÐINGUR / VERKFRÆÐINGUR

Össur leitar að metnaðarfullum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í þróunardeild okkar. Við leitum að einstaklingi með frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

### STARFSSVIÐ

- Þróun, prófanir og skjölun á spelkum
- Gerð frumgerða
- Tæknileg umsjón með vörum á markaði

### HÆFNISKRÖFUR

- Tæknifræðingur eða Verkfræðingur á véla-, heilbrigðis- eða sambærilegu sviði.
- A.m.k. 3ja ára reynsla af hönnunarvinnu
- Þekking á þrívíddarteikningu, t.d SolidWorks eða Inventor
- Áhugi á nýjungum í hönnun og efnun
- Mjög góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2017. Sótt er um starfið á vef Össurar, [ossur.is/maunaudur](http://ossur.is/maunaudur). Athugið að velja viðeigandi starf.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.



Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 2800 manns í 20 löndum. Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.



## Viltu vera ON í sumar?

Við leitum að jákvæðu og framtakssömu fólki í fjölbreytt sumarstörf.

Eftirfarandi sumarstörf eru í boði:

- Landgræðsla við Hellisheiðarvirkjun
- Jarðhitasýning ON
- Ýmis sérverkefni fyrir iðnnema, menntaskóla- og háskólanema

Sótt er um störfin á ráðningavef ON, [starf.on.is](http://starf.on.is), þar sem nánari upplýsingar um störfin er að finna. Einnig er hægt að spyrjast fyrir um störfin í gegnum netfangið [starf@on.is](mailto:starf@on.is).

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2017. Öllum umsóknum verður svarað fyrir 1. apríl 2017.

Við hvetjum jafnt stelpur og stráka til að sækja um.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur:**  
Til og með 1. mars 2017.



## Ert þú til í eitthvað alveg nýtt?

### Hæfileikar:



Brennandi áhugi á fólki



Færni í samskiptum



Löngun til að miðla og læra



Ástríða fyrir þjónustu



Tekur breytingum og nýjum áskorunum fagnandi

### Við leitum að leiðtoga á þjónustusvæði okkar í Kringlunni sem mun móta okkar bankþjónustu til framtíðar

Bankþjónusta snýst um samskipti. Hæfileikann til að setja sig í spor viðskiptavinarins, mæta honum þar sem hann er staddur og leiðbeina honum um hvernig best er að leysa viðfangsefni hans, stór og smá.

Hlutverk stjórnandans er að leiða teymi starfsmanna og bera ábyrgð á þjálfun þeirra, eiga jákvæð samskipti við viðskiptavini, leiðbeina þeim til farsællar framtíðar og halda utan um viðburði og tengsl.

Viðkomandi þarf að hafa menntun eða reynslu til að takast á við þessa áskorun, hafa frumkvæði, sjálfstæði og leiðtogahæfni.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ásgerður H. Sveinsdóttir sviðsstjóri, sími 580 9602, netfang [asgerdur.sveinsdottir@arionbanki.is](mailto:asgerdur.sveinsdottir@arionbanki.is) og Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri, sími 444 6364, netfang [hildur.sigurdardottir@arionbanki.is](mailto:hildur.sigurdardottir@arionbanki.is).

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar. Sótt er um á [arionbanki.is](http://arionbanki.is). Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í huginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlinustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og árið 2015 hlutum við Jafnlaunavottun VR. Saman látum við góða hluti gerast.

 **Arion banki**  
– fyrir framtíðina





# Skjalavörður og sérfræðingur

## Reykjavíkurborg auglýsir tvö störf laus til umsóknar hjá Borgarskjalasafni

Hlutverk Borgarskjalasafns Reykjavíkur er söfnun, innheimta, skráning og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda um starfsemi og sögu borgarinnar. Safnið hefur eftirlit með skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila og veitir aðgang að skjölum. Það gefur út verklagsreglur um skjalavörslu. Átta starfsmenn eru við safnið. Safnið er til húsa í Tryggvagötu 15 og Vatnagörðum 28 í Reykjavík.

### Skjalavörður

Leitað er að öflugum skjalaverði til að sinna fjölbreyttum verkefnum safnsins. Um er að ræða áhugavert starf í skemmtilegu starfsumhverfi sem felur í sér mikil samskipti við starfsfólk og viðskiptavini safnsins.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Skjalavarsla safnsins
- Skráning og frágangur skjala byggingarfulltrúa
- Ljósritun, skönnun og önnur umsýsla
- Upplýsingagjöf til viðskiptavina safnsins
- Móttaka gesta og undirbúningur funda auk annarra verkefna
- Uppgjör og afstemmingar

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða starfsreynsla úr sambærilegu starfi
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Færni að vinna undir álagi
- Reynsla af vinnu við skjalastjórn er æskileg

### Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar

Umsækjendur sækja um á vefsíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/laus-storf](http://www.reykjavik.is/laus-storf). Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Nánari upplýsingar um starfið veitir Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður í síma 6647775 eða [svanhildur.bogadottir@reykjavik.is](mailto:svanhildur.bogadottir@reykjavik.is)

### Sérfræðingur

Borgarskjalasafn hefur hafið undirbúning að langtímarvörðveislu rafræna gagna. Í starfinu felst tækifæri til að taka þátt og leiða það verkefni. Um er að ræða nýtt og spennandi viðfangsefni. Leitað er að áhugasömum starfsmanni sem sýnir mikið frumkvæði í starfi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Greining og undirbúningur að rafrænni langtímarvörslu skjala hjá Reykjavíkurborg
- Ráðgjöf, fræðsla, eftirlit og upplýsingagjöf við svið, skrifstofur, stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar um skjalastjórn og rafræna langtímarvörslu
- Yfirferð skjalavistunaráætlana og fylgiskjala beirra
- Móttaka umsókna og tilkynninga um rafræn kerfi og yfirferð yfir þær
- Móttaka og prófanir á rafrænum vörsluútgáfum og samskipti við afhendingaraðila
- Skjalaskráning og önnur tilfallandi verkefni.

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af vinnu við skjalastjórn er æskileg
- Starfsreynsla í stjórnsýslu er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Færni til að vinna undir álagi

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglja það margbreytilega samfélag sem við búum í.

## VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

### STARFSMAÐUR Á VERKSTÆÐI AKUREYRARFLUGVALLAR

Helstu verkefni eru eftirlit og viðhald á vélbúnaði og tækjum í Norðurlandsumdæmi. Framkvæmd snjórúðnings og hálkuvarna sem og önnur störf tengd rekstri flugvallarins.

#### Hæfniskröfur:

- Sveinsbréf í vél- eða bifvélavirkjun
- Meirapróf og vinnuvélapróf er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund og jákvæðni
- Góðir skipulagshæfileikar og geta til að vinna undir álagi
- Reynsla af snjórúðningi og hálkuvörnum er kostur
- Reynsla af vinnuvéla/vörubúnaði er krafna

#### Upplýsingar um starfið veitir Hjördís Þórhallsdóttir umdæmisstjóri

í síma 424 4370 eða í netfanginu [hjordis.thorhallsdottir@isavia.is](mailto:hjordis.thorhallsdottir@isavia.is)

Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.



Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunur eigi sér stað.



Gunnlaugur sér meðal annars um að öll ljós á Akureyrarflugvelli séu í góðu lagi. Hann er hluti af góðu ferðalagi.



ISAVIA

STARFSSTÖÐ:  
AKUREYRARFLUGVÖLLUR

UMSÓKNARFRESTUR:  
5. FEBRÚAR 2017

UMSÓKNIR:  
[ISAVIA.IS/ATVINNA](http://ISAVIA.IS/ATVINNA)



# LANDSPÍTALI ... VILTU KOMA Í LIÐIÐ!

## Hjartagátt

### HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

Viltu öðlast mikla reynslu og þekkingu á hjartasjúkdómum? Við leitum eftir öflugum hjúkrunarfræðingum sem hafa áhuga á og vilja vinna við bráðahjúkrun, aðallega hjartasjúklinga. Um er að ræða afar áhuga-verðan og spennandi starfsvettvang með þverfaglegri nálgun á greiningu, meðferð og umönnun sjúklinga með bráða hjartasjúkdóma. Möguleikar eru á þróun í starfi, ekki síst í formi spennandi fræðslu, námskeiða og ráðstefna.

Hjartagátt er sólarhringsdeild sem er opin alla daga vikunnar. Þar starfa um 50 manns sem veita bráðahjónustu við hjartasjúklinga auk fjölbreyttrar dag- og göngudeildarhjónustu. Að auki er veitt hjónusta við aðra sjúklingahópa eftir þörfum.

## Kvenlækningadeild

### HJÚKRUNARFRÆÐINGUR/ HJÚKRUNARNEMI

Hjúkrunarfræðingar/ hjúkrunarnemar óskast til starfa á kvenlækningadeild 21A Landspítala. Um er að ræða tvö störf í vaktavinnu vegna afleysinga og til lengri tíma.

Á kvenlækningadeild starfar samhent teymi starfsmanna sem veitir fjölbætta heilbrigðisþjónustu allan sólarhringinn. Deildin, sem er í senn göngu-, dag- og legudeild, sinnir bráðatilfellum kvensjúkdóma sem og konum með góðkynja og illkynja sjúkdóma í grindarholi og brjóstum. Í boði er spennandi, krefjandi og líflegt starfsumhverfi, góður starfsandi og fjölbreytt tækifæri til faglegrar þróunar.

## Svæfinga- og gjörgæslulækningar

### SÉRFRÆÐILÆKNIR

Lausar eru til umsóknar tvær stöður sérfræðilækna í svæfinga- og gjörgæslulækningum á Landspítala. Starfsstöð verður fyrst og fremst í Fossvogi. Þar starfa um 15 sérfræðilæknar í nánu samstarfi við aðrar fagstéttir og sérgreinar spítalans.

Í Fossvogi eru 8 skurðstofur þar sem fram fara heila- og tauga, háls-, nef- og eyrna, æða-, lýta- og bæklunarskurðaðgerðir og eru árlega gerðar þar um 5.400 aðgerðir. Á gjörgæsludeildinni eru 7 legupláss og þar er veitt almenn gjörgæslumeðferð og er sérhæfing í samræmi við skiptingu sérgreina á milli húsa.

## Skurðlækningar

### NÁMSSTÖÐUR Í SKURÐLÆKNINGUM

Lausar eru til umsóknar námsstöður deildarlækna í skurðlækningum við Landspítala. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin til tveggja ára eða samkvæmt samkomulagi. Starfsnámið er byggt upp sem grunnnámið í skurðlækningum í samræmi við marklýsingu og er góður undirbúningur fyrir framhaldsnáms erlendis í sérgreinum skurðlækninga.

Vinnan fer fram á eftirtöldum deildum skurðlækningasviðs: Almennri skurðeild, þvagfæraskurðeild, hjartaskurðeild, heila- og tauga-skurðeild, lýtaskurðeild og æðaskurðeild.

## Kvenlækningateymi

### SÉRFRÆÐILÆKNIR

Lausar eru til umsóknar tvær stöður sérfræðilækna í kvenlækningateymi kvenna- og barnasviðs Landspítala. Um er að ræða 100% störf.

Í kvenlækningateyminu er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu tengt sjúkdómum í kvenlíffærum, en auk þess er náin samvinna með fæðingarteymi Landspítala, þar sem samstarf er um lækniþjónustu utan dagvinnutíma með sérfræðilæknum fæðingarteymis.

## Bráða- og göngudeild

### HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Spennandi og lærdómsríkt starf á bráða- og göngudeild Landspítala í Fossvogi, en þar fer fram móttaka og hjúkrun sjúklinga bæði vegna sjúkdóma og slysa.

Á deildinni starfa um 45 manns í þverfaglegu teymi. Góður starfsandi er ríkjandi og tækifæri eru til að vaxa í starfi. Deildin er opin alla daga ársins frá kl. 8:00-23:30. Unnið er á tvískiptum vöktum og er starfshlutfall og vinnufyrirkomulag samkomulagsatriði.

## Bæklunarskurðlækningar

### SÉRFRÆÐILÆKNIR

Laust er til umsóknar framtíðarstarf sérfræðilækna í bæklunarskurðlækningum. Starfshlutfall er 100%.

Teymi bæklunarskurðlækna telur 14 sérfræðilækna auk deildarlækna sem vinna í nánu þverfaglegu samstarfi við aðra starfsmenn spítalans. Áhersla er lögð á framþróun, umbætur og gott starfsumhverfi.

## NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;

WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR  
OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannaúts og stöðugar umbætur.





**Reykjavíkurborg**  
Umhverfis- og skipulagssvið

## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

### Heimildir um fjölda íbúða

Framsetning stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð 2010-2030

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 7. desember sl. að kynna drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, varðandi heimildir um fjölda íbúða á nokkrum byggingarsvæðum sem skilgreind eru í aðalskipulaginu (sjá aðalskipulag.is). Drög að breytingartillögu voru í framhaldinu send til skilgreindra hagsmunaaðila.

Markmið breytingartillögu er að mæta breyttum þörfum á húsnæðismarkaði og auka svigrúm til að byggja smærri íbúðir. Breytingar munu fela í sér óverulegar breytingar á byggingarmagni. Fjölgun íbúða á einstaka reitum er á kostnað atvinnuhúsnæðis eða felur það í sér að byggðar verði að jafnaði smærri íbúðir, án þess að byggingarmagn sé aukið. Einnig eru gerðar nokkrar lagfæringar á framsetningu stefnunnar. Samkvæmt tillögudrögunum ná breyttar heimildir um fjölda íbúða til eftirfarandi reita (númer reits innan sviga): Laugavegur+ (9), Borgartún (26), KHÍ (35), Suður-Mjódd (46), Sléttuvegur (32), Hlíðarendi (13), Vísindagarðar (12), HÍ v/Suðurgötu (58), Höfðatorg (21) og Köllunarklettur (29).

Drög að breytingartillögu eru nú aðgengileg á aðalskipulag.is og til sýnis í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15. Dagana 23. janúar og 26. janúar verður verkefnisstjóri til svara um tillöguna, milli kl. 15.00-16.00 í þjónustuverinu að Borgartúni 12-14.

Áformað er að samþykkja tillöguna í lögformlega kynningu með 6 vikna athugasemdafresti í byrjun febrúar. Þeir sem óska frekari upplýsinga um málið geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

## Tækni- og verkfræðingar

**VSB Verkfræðistofa leitar að tækni- eða verkfræðingum til framtíðarstarfa á sviði burðarvirkja.**

Starf á sviði burðarvirkja felst í hönnun burðarvirkja bygginga. Starfsreynsla og þekking á AutoCAD og helstu burðarþolsforritum er nauðsynleg. Frekari upplýsingar gefur Hannes Örn Jónsson ([hannes@vsb.is](mailto:hannes@vsb.is)).

Umsókn um starf með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu óskast skilað á skrifstofu VSB eða á ofangreint netfang eigi síðar en 30. janúar nk. Fyllsta trúnaðar er gætt.

**VSB** 30 ÁRA  
VERKFRÆÐISTOFA

Bæjarhrauni 20  
220 Hafnarfjörður  
[www.vsb.is](http://www.vsb.is)

## SAMFÉLAGSMIÐLA- OG VEFBIRTINGARÁÐGJAFI

Við leitum að starfsmanni með brennandi áhuga á samfélagsmiðlum og birtingum. Um er að ræða ráðgjafa sem vinnur náið með viðskiptavinum, viðskiptastjórum og birtingaráðgjöfum á líflegum vinnustað.

### HELSTU VERKEFNI

- \ Ráðgjöf og umsjón með birtingum á Facebook, Google Adwords og Instagram
- \ Eftirfylgni og greining gagna á samfélagsmiðlum og leitarvélum
- \ Þátttaka í teymisvinnu

### HÆFNISKRÖFUR

- \ Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- \ Góð þekking á Google Adwords og Google Analytics
- \ Góð hæfni í ritun bæði á íslensku og ensku
- \ Frumkvæði og sjálfstæði
- \ Reynsla af sölustörfum æskileg

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast á netfangið [rannveig@pipar.is](mailto:rannveig@pipar.is) fyrir 1. febrúar nk.

**PIPAR \ TBWA**

Auglýsingastofa \ Guðrúnartúni 8 \ 105 Reykjavík \ [pipar-tbwa.is](http://pipar-tbwa.is) \ 510 9000



**GRUND**

DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMIL

## Sjúkraliði - Hópstjóri óskast til starfa

Langar þig að breyta til?

Við á Grund erum að bæta við þann góða hóp sjúkraliða sem er starfandi við heimilið.

Starf hópstjóra á Grund er sjálfstætt og fjölbreytt. Við leggjum áherslu á góða teymisvinnu og hjúkrunarfræðingur er alltaf í húsinu til ráðgjafar og stuðnings.

Ýmsir möguleikar á starfshlutfalli og vaktafyrirkomulagi.

**Nánari upplýsingar um störf, starfshlutfall, vaktir og launakjör veitir Sigrún Faulk hjúkrunarforstjóri, virka daga frá klukkan 9.00-16.00 í síma 530-6116. Einnig má senda fyrirspurnir á [mussa@grund.is](mailto:mussa@grund.is).**

**Trúnaður, traust og umhyggja eru höfð að leiðarljósi í samskiptum og löggð áhersla á góðan vinnuanda, sjálfstæð vinnubrögð og heimilislegt umhverfi.**

[www.grund.is](http://www.grund.is)

## VIÐHALD

fasteignaviðgerðir

### Vanir smiðir óskast

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir faglærðum smiðum til starfa með reynslu af viðhaldsverkefnum. Getum einnig bætt vönum múrurum og málurum í hópinn. Meistararéttindi kostur en ekki skilyrði.

Áhugasamir sendi inn umsókn á [vidhald@vidhald.is](mailto:vidhald@vidhald.is)

Viðhald sérhæfir sig í viðhaldi fasteigna fyrir fagaðila í fasteignarekstri. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru fasteignafélög, opinberar stofnanir, fyrirtæki og húsfélög. Við leggjum áherslu á fagleg og vönduð vinnubrögð í öllu verkferlinu hvort sem það snýr að tilboðs- og samningagerð, verkþættinum sjálfum eða verkefnastjórnun og samskiptum við viðskiptavini.

**Viðhald fasteignaviðgerðir**

Vagnhöfða 19 | Sími 567-6699 | [www.vidhald.is](http://www.vidhald.is)



## Getum bætt við okkur verkefnum og þjónustusamningum



Rafögn sér um lagnir af öllum stærðum og gerðum. Hönnun og smíði á stýringum fyrir ýmsan rafbúnað. Sérhæfing er mest á sviði stýringa. Tökum einnig að okkur bilanagreiningu og lagfæringar á stjórnbúnaði.

**Fagleg vinnubrögð, nákvæmni og góð þjónusta.**

**rafogn@rafogn.is • Matthías 899-4056**



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### Starf lögfræðings hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga hyggst ráða lögfræðing á lögfræði- og velferðarsviði. Lögfræðingar sambandsins koma fram fyrir þess hönd við undirbúning lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla sem varða sveitarfélögin og vinna að upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðslu til sveitarfélaga. Lögfræðingurinn mun starfa ásamt öðrum lögfræðingum og sérfræðingum sviðsins að margbættum og sýbreytilegum verkefnum, sem meðal annars varða skipulags- og umhverfismál, skólalag, málefni félagsþjónustu sveitarfélaga og túlkun laga og reglna sem varða starfsemi sveitarfélaga.

Gerð er krafa um embættispróf í lögfræði eða meistaraþróf í lögum, ásamt góðri þekkingu á stjórnsýslurétti. Reynsla af störfum á þeim málefna sviðum sem að ofan greinir er kostur, ásamt þekkingu og áhuga á málefnum sveitarfélaga. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í a.m.k. einu öðru Norðurlandamáli og ensku er æskileg, sem og góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga.

Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

### Nánari upplýsingar veitir

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, netfang: [gudjon.bragason@samband.is](mailto:gudjon.bragason@samband.is), eða Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri rekstrar- og útgáfu-sviðs, netfang: [magnus.karel.hannesson@samband.is](mailto:magnus.karel.hannesson@samband.is) eða í síma 515-4900.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar. Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga eru á heimasíðunni, [www.samband.is](http://www.samband.is). Þar er einnig að finna starfslýsingu fyrir starfið og starfsmannastefnu sambandsins.

**Umsóknir, merktar Umsókn um starf lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði, berist eigi síðar en miðvikudaginn 1. febrúar nk. til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, eða í tölvupósti til [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is)**



# Sumarstörf

## Viltu vinna með okkur í sumar?

Við leitum að jákvæðu og framtakssömu starfsfólki í fjölbreytt sumarstörf. Umsækjendur þurfa að vera fæddir árið 2000 eða fyrr.

**Í stóru sundlauginni í laugardalnum eru um 2.500 tonn af vatni. Hvað ætli margir komist fyrir í lauginni ef hún er troðfyllt?**

### Við bjóðum störf við:

- Garðyrkju
- Flokksstjórn garðyrkju
- Vinnuflokka raf- og vatnslagna
- Innmælingar
- Sérverkefni fyrir verk- eða tæknifræðinema

Hjá okkur færðu að vinna með fagfólki á fjölbreyttum og lifandi vinnustað sem leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi.

### Við tökum jafnréttið alvarlega

Við viljum hafa sem fjölbreyttastan hóp starfsmanna og hvetjum því jafnt stelpur sem stráka til að sækja um.

Við val á nýjum starfsmönnum er tekið mið af hæfni, reynslu og umsögnum þannig að það borgar sig að fylla vandlega út umsóknina.

Starfstímabilið er frá júní til ágúst. **Umsóknarfrestur er til 1. mars** á ráðningarvef okkar [starf.or.is/veitur/](http://starf.or.is/veitur/).

Við svörum öllum öllum umsóknum fyrir 1.apríl. **Nánari upplýsingar** veitir Bryndís Ernstsóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu [starf@veitur.is](mailto:starf@veitur.is).



JAFNRÉTTISRÁÐ



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2016

Veitur reka hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu.  
Kynntu þér Veitur á [veitur.is](http://veitur.is) og á Facebook



# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

[www.talentradning.is](http://www.talentradning.is)

[talent@talentradning.is](mailto:talent@talentradning.is)/bryndis@talentradning.is - Sími: 552-1600





Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samþæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

# Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann

## Gagnagrunnssérfræðingur

Starfið felst í gagnagrunnsþróun og viðhaldi gagnagrunnskerfa Hagstofu Íslands. Starfsmaðurinn mun sinna hönnun á gagnagrunnskipulagi miðað við þarfir sérfræðinga í hagskýrslugerð, þróun á sjálfvirkum innlestrarferlum fyrir gagnagrunna ásamt almennri hugbúnaðarþróun.

### HÆFNISKRÖFUR

- Geta til að sökkva sér í og leysa upplýsingatæknivandamál
- Reynsla og þekking á almennt viðurkenndum venjum í hugbúnaðarþróun
- Þekking á gagnagrunnshögun (e. database architecture)
- Þekking og reynsla af vélrænu námi (e. machine learning) er æskileg
- Þekking á helstu öryggisógnum upplýsingakerfa er æskileg
- Þekking og reynsla af ólíkum gagnagrunnslausnum er kostur
- Háskólapróf sem nýttist í starfi er kostur
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar 2017** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samþæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Nánari upplýsingar má finna á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík  
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099  
[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

Viltu auglýsa störf fyrir pólskumælandi starfsmenn á Íslandi á samfélagsmiðlum og heimasíðu okkar?

Viltu fá ábendingar um pólska starfsmenn sem eru að leita sér vinnu á Íslandi?

**Hafðu samband: [agus@agus.is](mailto:agus@agus.is), S. 620-0525**  
**[www.agus.is](http://www.agus.is) eða á facebook.**

Ráðningar, ráðgjöf og túlkapjónusta



## LAUS STÖRF FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

### Grunnskólar

- » Aðstoðarverkefnastjóri - Setbergsskóli
- » Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
- » Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli
- » Námsráðgjafi - Áslandsskóli
- » Sérkennari - Víðistaðaskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Hvaleyrarskóli
- » Skólaliði - Hraunvallaskóli
- » Umsjónarkennari á yngri stigi - Víðistaðaskóli
- » Proskabjálfi - Hraunvallaskóli

### Leikskólar

- » Leikskólakennari - Stekkjarás

### Málefni fatlaðs fólks

- » Tímabundið starf - Þjónustukjarni
- » Stuðningsfulltrúi - Vinaskjól
- » Proskabjálfi - Þjónustukjarni

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Nánar á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)

HAFNARFJARÐARBÆR  
585 5500  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



# Ert þú með lyftarapróf?

# Are you a qualified forklift operator?

Við leitum að öflugum einstaklingi með lyftarapróf í 100% starf í dreifingarmiðstöð. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Dreifingarmiðstöð ÁTVR sér um vörumóttöku frá birgjum og dreifingu í Vínbúðir.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Móttaka og tiltekt vöru
- Almenn lagerstörf og tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur

- Lyftarapróf skilyrði
- Reynsla af sambærilegu kostur
- Vandvirkni og samvirkusemi
- Stundvísi og dugnaður

### Main tasks and responsibilities

- Receiving and processing stock products
- General warehouse duties as needed

### Skills and attributes

- Forklift Operator Certification required
- Prior experience is an advantage
- Precision and conscientiousness
- Punctuality and efficiency

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ.  
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

The core values of ÁTVR are FLEXIBILITY – KNOWLEDGE – RESPONSIBILITY.  
Recruitment for positions at the company take account of these values.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Sakavottorðs er krafist.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

Applicants must have reached the age of 20 and have a clean criminal record.

**Application deadline is the 6th of February, 2017.**

Applications are to be filled out online on [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

**Nánari upplýsingar veita:** Eggert Ó. Bogason, [eggert@vinbudin.is](mailto:eggert@vinbudin.is), 560 7791 og Guðrún Símonardóttir, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is), 560 7700

**Further information:** Eggert Ó. Bogason, [eggert@vinbudin.is](mailto:eggert@vinbudin.is), 560 7791 and Guðrún Símonardóttir, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is), 560 7700

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

ÁTVR operates 50 stores throughout the country with offices and a Center of distribution at Stuðlahálsi 2. The company strives to be one of the leading service providers in the country and a role model in social responsibility. ÁTVR wants to provide a safe, dynamic and fun workplace where communication is conducted with flexibility, knowledge and responsibility.



Jafnlaunaúttekt  
PwC 2016



VÍNBUÐIN





**Arnar** starfar við flugvernd á Keflavíkurflugvelli. Hann er hluti af góðu ferðalagi.

## VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI Í SUMAR?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

**Fjölbreytt sumarstörf á Keflavíkurflugvelli.** Við leitum að einstaklega þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklusum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi. Óskað er eftir starfsfólki bæði í hluta- og heilsdagsstörf en um er að ræða vaktavinnu. Umsækjendur þurfa að geta hafið **störf í maí og unnið út ágúst.**

### FARÞEGA AKSTUR

Helsta verkefni er rútuakstur farþega á fluglaði Keflavíkurflugvallar.

#### Hæfniskröfur:

- Próf á hópferðabifreiðar er skilyrði
- Fullnaðarskírteini fyrir Bréttinda flokk í ökuskírteini

### FLUGVERND

Helstu verkefni eru vopna- og öryggisleit, eftirlit í flugstöð og á flughlöðum á Keflavíkurflugvelli. Óskað er eftir starfsfólki í hluta- og heilsdagsstörf.

#### Hæfniskröfur:

- 18 ára aldurstakmark
- Góð ensku- og íslenskukunnátta
- Rétt litaskynjun
- Lágmark tveggja ára framhaldsnám eða sambærilegt
- Umsækjendur þurfa að sækja undirbúningsnámskeið og standast próf í lok námskeiðs

### BÍLASTÆÐAÞJÓNUSTA

Helstu verkefni eru umsjón með farangurskerrum í og við flugstöðina. Almenn þjónusta og aðstoð við viðskiptavini á bílastæðum flugstöðvarinnar.

#### Hæfniskröfur:

- 18 ára aldurstakmark
- Góð ensku- og íslenskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð

### FARÞEGAÞJÓNUSTA

Helstu verkefni eru þjónusta við farþega, umsjón og eftirlit með þjónustuborðum. Eftirlit með búnaði sem farþegar nota, flæðisstýring farþega og önnur tilfallandi verkefni sem snúa að aðstoð við farþega.

#### Hæfniskröfur:

- 18 ára aldurstakmark
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í samskiptum
- Góð ensku- og íslenskukunnátta, þriðja tungumál er kostur



Við bjóðum upp á fríar rútuferðir til og frá höfuðborgarsvæðinu fyrir starfsmenn sem þurfa á því að halda.



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2016

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.





## Söluráðgjafi vara- og aukahluta

HEKLA óskar eftir að ráða söluráðgjafa vara- og aukahluta. Áhersla er lögð á söluráðgjöf og þjónustu til þjónustuverkstæða HEKLU og óháðra verkstæða.

### Stutt lýsing á starfi:

- Sala á varahlutum til verkstæða um allt land
- Markmiðasetning og eftirfylgni
- Greina varahlutamarkaðinn og leita nýrra sölutækifæra
- Kynning á nýjungum til samstarfsaðila
- Þátttaka í markaðs- og sölumálum vegna varahluta
- Önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Dröfn Ámundadóttir, mannauðsstjóri í síma 590 5000 eða sigridur@hekla.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2017. Umsókn óskast fyllt út á [www.hekla.is](http://www.hekla.is)



Yfir 150 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

## SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf. leitar að laghentum framtíðarstarfsmanni í afgreiðslu og þjónustustörf.

Parf að geta byrjað sem fyrst. Vinnutíminn er mán-fös 08:15-17:30.

Umsóknir sendist á netfangið [metta@toyota.is](mailto:metta@toyota.is) eða [larus@skorri.is](mailto:larus@skorri.is) fyrir 30. janúar 2017.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Álftanesskóli

- Grunnskólakennari í náttúrufræði og stærðfræði

### Hofsstaðaskóli

- Leiðbeinandi á tómstundaheimilið Regnbogann

### Sjálalandsskóli

- Grunnskólakennari
- Stuðningsfulltrúi

### Holtakot

- Leikskólakennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARÐABAER.IS



# Hittir þú í mark?

## Íþróttakennarastaða hjá Tækniskólanum

Leitað er að framúrskarandi íþróttakennara sem er hvetjandi, skemmtilegur og hefur góða þjónustulund. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Viðkomandi kennari verður hluti af Tæknimenntaskólanum og vinnur náðið með tveimur öðrum íþróttakennurum við skólann. Framundan eru krefjandi verkefni og heildarstefnumótun á íþróttakennslu.

Umsóknir og ferilskrá má senda á netfangið [thp@tskoli.is](mailto:thp@tskoli.is) merkt „Íþróttakennari“ fyrir 1. febrúar næstkomandi. Staðan verður veitt frá 1. ágúst 2017. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar í trúnaði.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins er líflegur vinnustaður með um 280 starfsmenn. Helstu starfsstöðvar skólans eru á Skólavörðuholti, Háteigsvegi og við Flatahraun. Glæsilegt mótuneyti er rekið á hverjum stað og skemmtilegir nemendur og frábært starfsfólk einkennir vinnustaðinn.

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins



www.tskoli.is



GER  
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma óskar eftir bílstjórum og lagerstarfsmönnum:

## Bílstjóra- og lagerstörf 100% VINNA

Hægt er að hefja störf strax.

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið

[vinna@ger.is](mailto:vinna@ger.is)

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Öllum umsóknum svarað.



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



DORMA  
Litta dreamin reast



## Starf félagsráðgjafa

### Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar óskar eftir að ráða félagsráðgjafa til starfa í fullt starf.

Helstu verkefni starfsins eru félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð, barnavernd, málefni fatlaðra og forvarnir. Einnig önnur verkefni sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar n.k. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir. Starfsferilsskrá skal fylgja umsókn um starfið. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. apríl n.k.

Nánari upplýsingar veitir Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri. [snorri@seltjarnarnes.is](mailto:snorri@seltjarnarnes.is) sími: 5959100

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið. Á Seltjarnarnesi búa um 4500 manns. Lögð er áhersla á að tryggja íbúum góða alhliða þjónustu.*

Umsókn ásamt fylgiskjöllum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar - undir <http://www.seltjarnarnes.is> – Störf í boði



seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR



## DIRECTOR BUSINESS INTELLIGENCE

### Alvogen is looking for a dynamic and enthusiastic leader, passionate about working in a global team environment.

The Director of Business Intelligence will use his/her leadership skills, technical expertise, business acumen and creativity to improve and streamline the reliable flow of data between the company's multiple global operations. The Director must have a passion for the impact of data in organizations in a rapidly-changing global environment, and a focus on cost effective delivery and user friendly solutions.

#### Key responsibilities:

- Work closely with managers and their teams to understand information needs, ensuring that BI strategy and agreed solutions are an excellent fit to their evolving needs
- Contribute to the overall IT strategy and roadmap of the company and provide strategic and tactical leadership in the field of Business Intelligence
